



**FATAHÖNNUÐIR  
FRAMTÍÐARINNAR  
Í HAFNARHÚSINU ▶ 48**



**Íslenskir ástríðuglæpir  
HARMLEIKURINN  
Í RAUÐHÓLUM ▶ 30**



**Vita bæklingurinn 2014  
fylgir blaðinu í dag**



# FRÉTTABLAÐIÐ

**HELGARBLAÐ**  
26. apríl 2014  
97. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

**MEST LESNA  
DAGBLAÐ A ÍSLANDI\***

## VILL FÖÐURINN Í LÍF DÓTTUR SINNAR

**Hlédís Sveinsdóttir** vill opna umræðuna um afskiptaleysi fedra og kerfið sem hún segir ósanngjærnt. Dóttir hennar elst upp án föður. ▶ 22



**HÆTTUR AÐ VERA FÍKINN Í  
FRÆÐINA** Hilmir Snær Guðnason leikur nú sitt síðasta hlutverk í Þjóðleikhúsinu sem John Proctor í Eldrauninni. ▶ 24



### SLÆR Í GEGN

Söngvarinn og leikarinn Sigurður Bogi Ólafsson er Emil í Katt-holti. ▶ 34



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**20-70% AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM GRILLVÖRUM**

Grillburstar, kjöthitamelar, grilltangir, grillspaðar, kjúklingastandar, hamborgarapressur, pizzasteinar, grillgrindur, grilláhaldasett, grillkveikjarar og margt fleira.

**byggto**g**búið**

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni  
facebook.com / byggto**g**buid

**Aðeins  
í nokkra  
daga!**

**FLJÓTLEGT  
OG ÞÆGILEGT**





## Fréttir 2 - 12

## LÍKLEGT AÐ LÖG VERÐI SETT Á VERKFAHLL FLUGVALLAR-STARFSMANNA 4

Ýmis rök eru sögð lúta að því að flugsamgöngur til og frá landinu varði almannahæill og því megi banna verkfall með lögum.

## ÍSLENDINGASÖGURNAR PÝDDAR 6

Heildarútgáfur Íslingasagnanna koma út á norsku, dönsku og sænsku eftir helgina.

## PINGI FRESTAÐ TVISVAR 8

Brösuglega hefur gengið fyrir Framsóknarflokkinn í Reykjavík að koma saman framboðslista.

## BEYGGJAN VAR OF KRÖPP 12

Enn er leitað að líkum um borð í suðurkóresku ferjunni Sewol, sem sökk í síðustu viku.



## SKOÐUN 16

## DÝPRI OG FRJÓRRI UMRÆÐA 16

Þorsteinn Pálsson um aukinn áhuga á upplýstri umræðu um álitafni sem tengjast aðildarumsókn að ESB.



## HELGIN 18→41

## HÖNNUÐIR FRAMTÍÐARINNAR 18


Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands hefst í dag í Hafnarhúsinu.

## ERU ÍSLENDINGAR HERÚLAR? 32

Flækjúsaga Illuga Jökulssonar.

## STRUMPARNIR ELDAST VEL 38

Fróðleiksmoli dagsins fjallar um teiknimyndasöguna vinsælu.



## MENNING 78

## ÞJÓÐLEG PEMU Í KASSANUM 78

Sesselja G. Magnúsdóttir skrifar um Skrattann úr sauðarlegnum.

## ENDURUNNINN BACH 78

Nordic affect flytur verk Bachs í endurskrift Hörðmars Sigurbjörnssonar.

## HLJÓÐMYNDIR ÓLÍKRA FYRIRBÆRA 78

Áshildur Haraldsdóttir og Helga Bryndís Magnúsdóttir frumflytja verk íslenskra tónskálda.



## LÍFIÐ 48→60

## FATAHÖNNUÐIR FRAMTÍÐARINNAR

## LÉTU LJÓS SITT SKÍNA 48

Útskriftarsýning fatahönnunarnema við Listaháskóla Íslands fór fram með pomp og prakt á sumardaginn fyrsta í Hafnarhúsinu.

## 100 ÁHRIFAMESTU Í TIME MAGAZINE 52

Time Magazine gefur út listann í 11. sinn, en konur hafa aldrei verið fleiri en í ár.

## RANNSAKA ALDAGAMALT MORDMÁL 60

Leikhópurinn Kriðpleir rannsakar mál Jóns Hreggviðssonar, sem var dæmdur fyrir morð fyrir rúmlega 300 árum. Niðurstöðurnar verða kynntar í nóvember.



## SPORT 54

## HVER ER PESSI STRÁKUR? 54

Ágúst Elí Björgvinsson hefur slegið í gegn í marki FH-inga í úrslitakeppninni í handbolta. Hann var lítt þekktur fyrir síðustu leiki.

## NORÐANMENN Í BETRI MÁLUM 54

Fréttablaðið heldur áfram að spá um gengi liða í Pepsi-deild karla. Þór verður ekki í neinni fallhættu í sumar að mati blaðsins.



## FIMM Í FRÉTTUM ODDVITALEIT OG EVEREST-FARI



**Kolbeinn Árnason**, framkvæmdastjóri LÍÚ, gagnrýndi harðlega hvernig staðið var að gerð nýs veiðigjaldafrumvarps. Ekkert hafi verið gert til að greina hvað sjávarútvegurinn gæti borið í gjöld.



**Vilborg Arna Gissurardóttir** hætti við að reyna við tind Everest-fjalls. Sextán leiðsögumenn fórust í snjóflóði sem féll við fjallið og í kjölfarið ákváðu margir fjallgöngumenn að snúa heim.



**Jón Þór Birgisson**, Jónsi í Sigur Rós, semur ásamt Alex Somers tónlistina í nýrri bandarískri þáttaröð sem kallast Manhattan.



**Ingunn Ásdísardóttir** hlaut Íslensku þýðingarverðlaunin fyrir þýðingu sína á Ó-Sögur um djöfulskap eftir Færeyinginn Carl Jóhan Jensen.



→ Það kom framsóknarmönnum í opna skjöldu að **Guðni Ágústsson** skyldi ekki taka fyrsta sætið á framboðslista þeirra í borgarstjórnarkosningunum. Þeir leita nú að oddvita.

## Róðukross til sölu á nær fimm milljónir

Safnaramiðstöðin hefur auglýst til sölu kross sem talinn er vera nokkurra hundraða ára gamall. Krossinn hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá 19. öld, að sögn eiganda verslunarinnar. Settur þjóðminjavörður segir Þjóðminjasafnið hafa forkaupsrétt.

**MENNING** Róðukrossinn sem Sigurður Pálmason, eigandi Safnaramiðstöðvarinnar, hengdi upp í verslun sinni í gær er talinn vera frá 13. til 15. öld, að hans sögn. Sá sem vill eignast gripinn, sem er 80 cm að hæð og 55 cm á breidd, þarf að greiða fyrir hann 4,8 milljónir króna.

„Þessi kross er úr Reykjakirkju í Tungusveit sem ég held að hafi verið lögð niður á 19. öld en kirkjan var í einkaeigu. Krossinn, sem hugsanlega var búinn að vera í kirkju frá því fyrir siðaskipti, komst í eigu íslenskrar fjölskyldu þegar kirkjan var lögð niður og sama fjölskylda hefur varðveitt hann hingað til. Nú vill fjölskyldan hins vegar selja krossinn,“ segir Sigurður og bætir því við að hann sé í mjög góðu ástandi.

„Ég hef ekki áður fengið svona þjóðlegan merkisgrip til sölu,“ leggur hann áherslu á.

Sigurður segir starfsmann frá Minjastofnun hafa komið í verslunina til sín í gær í þeim erindagjörðum að vekja athygli á því að ekki megi flytja eða selja forn-gripi úr landi. „Mér var kunnugt um það að ekki mætti selja krossinn úr landi og í gær var mér tjáð að Þjóðminjasafnið hefði forkaupsrétt að krossinum.“

Anna Lís Rúnarsdóttir, sviðsstjóri rannsókn- og varðveislusviðs á Þjóðminjasafninu og settur þjóðminjavörður, kvæðst í gær enn ekki hafa skoðað krossinn. „Í lögum um Þjóðminjasafn er ákvæði um friðun kirkjugripa og við erum með skrá sem gerð var fyrir mörgum árum yfir frið-



**NOKKUR HUNDRUÐ ÁRA** Sigurður Pálmason, eigandi Safnaramiðstöðvarinnar, við róðukrossinn sem hann hefur nú til sölu. Krossinn er úr Reykjakirkju í Tungusveit.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Krossinn, sem hugsanlega var búinn að vera í kirkju frá því fyrir siðaskipti, komst í eigu íslenskrar fjölskyldu þegar kirkjan var lögð niður og sama fjölskylda hefur varðveitt hann hingað til.“

Sigurður Pálmason, eigandi Safnaramiðstöðvarinnar.

aða kirkjugripi. Þjóðminjasafnið hefur forkaupsrétt að kirkjugripum úr einkaeigu.“

Að sögn Önnu Lísu mun Þjóðminjasafnið fara yfir viðeig-



**ANNA LÍSA RÚNARSÓTTIR**

andi gögn og meta stöðuna. „Það veltur á þeim upplýsingum sem við finnum um hvaðan þetta er fengið hvað þetta tekur langan tíma. Mögulega gæti þetta legið mjög ljóst fyrir. Miðað við myndina sem ég hef séð af krossinum er ástæða til að skoða málið nánar.“

ibs@frettabladid.is

Lavrov segir Rússlandssinna í austurhluta Úkraínu nú bíða átektar:

## Rýma þarf Maidan-torgið fyrst

**ÚKRAÍNA, AP** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, segir að aðskilnaðarsinnar í austanverðri Úkraínu muni ekki afvopnast og láta byggingar af hendi nema „stjórnin í Kænugarði taki til við að framfylgja Genfarsamkomulaginu, rými hið smánarlega Maidan-torg og frelsi þær byggingar sem menn hafa ólöglega lagt hald á.“

Genfarsamkomulagið, sem Bandaríkin, Evrópusambandið, Rússar og Úkraínumenn gerðu með sér í síðustu viku, felur í sér að allar byggingar sem menn hafa ólöglega lagt hald á í Úkraínu verði rýmdar og vopnaðir hópar leggi niður vopn sín.

Samkvæmt Lavrov felst í þessu ekki aðeins að aðskilnaðarsinnar hliðhollir Rússlandi verði að afvopnast og rýma byggingar í austanverðu landinu, heldur að Úkraínustjórn verði einnig – og helst fyrst – að koma Vesturlandasinum, sem enn hafast við í tjöldum á Maidantorgi í Kænugarði, burt af torginu og rýma jafnframt þær byggingar, sem Vesturlandasinnar hafa enn á sínu valdi í Kænugarði.



**VOPNAÐIR AÐSKILNAÐARSINNAR** Hér er staðinn vörður um vegatálma í Slovjansk.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**COMBI-CAMP**

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16



# SAMSUNG GALAXY & STÖÐ 2



**Samsung GALAXY Tab 3 10,1" + Stöð 2 + OZ**

1 mánuður eða 4 mánuðir  
Stóripakkinn Fjölskyldupakkinn

+ OZ +

=

**3.795 kr.**

á mánuði í 18 mánuði með Netgíró\*

56.700 kr. staðgreitt

**SAMSUNG**

**SPJALDTÖLVA-GALAXY TAB3 10,1"**

- 10,1" skjár 800x1280pixla
- 3,15mp myndavél sem tekur upp video í 720p upplausn. Micro SD kortarauf
- 1,6GHz Dual-Core örgjörvi. 1GB vinnsluminni, 16GB innbyggt minni
- Hægt að vinna í Office skjölum

P5210WHI365

**Netgíró**  
EKKERT KREDITKORT  
GREITT Í HEIMABANKA

Spjaldtölvunni fylgir kaupauki, áskrift að Fjölskyldupakka Stöðvar 2 í 4 mánuði eða Stórapakka Stöðvar 2 í einn mánuð, allt í gegnum OZ. Frábært tilboð á aðeins 3.795 kr. á mánuði í 18 mánuði með Netgíró.

 **Netgíró**  
Betri leið til að borga

\*0% vextir - 3.5%  
lántökugjald - kr. 340  
færslugjald - kr. 195  
greiðslugjald - ÁHK  
27.63% - Alls kr. 68.315

 **365**

**Auðveldaðu kaupin með Netgíró.** Ný, einföld og örugg leið til að borga fyrir vörur á netinu og í verslunum. Gefa þarf eingöngu upp kennitölu og SMS-lykilorð og þar með eru viðskiptin frágengin. Reikningur fyrir viðskiptum stofnast í netbanka. Engin þörf er á kreditkort og einfalt að skrá sig á [www.netgiro.is](http://www.netgiro.is).

**Vaxtalausar raðgreiðslur Netgíró** – Notendur borga 3,5% lántökugjald, fast færslugjald og enga vexti. 14 daga vaxtalaus greiðslufrestur Netgíró – Notendur borga innan 14 daga og engir vextir leggjast á upphæðina. Tilkynningar- og greiðslugjald leggst ofan á hvern reikning, óháð upphæð (195 kr.).



GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-VEFVERSLUN  
PANTAÐU Í SÍMA 575-8115 SKIPTIBORÐ ELKO 544-4000 WWW.ELKO.IS

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ



19.04.2014 → 25.04.2014

**46 gráða**

heitt vatn streymdi úr sprungu í Vaðlaheiðargöngum.

**20,7 prósent**

kjósenda segja mjög eða frekar líklegt að þeir muni kjósa nýtt framboð evrópusinnaðra hægrimanna.

**134**

langreyðar voru veiddar hér við land sumarið 2013

**14 milljarða**

króna greiðir Fáfnir Offshore fyrir nýtt þjónustuskip fyrir olíuviðnað



**750** börn sækja Andrésar andar leikana í Hlíðarfjalli á Akureyri

**52,2 prósent**

er aukningin á notkun lyfja við ofvirkni og athyglisbresti á fjórum árum

**63,6 milljónir króna**

voru skuldir Leikfélags Akureyrar í lok janúar

**89 prósent**

framhaldsskólakennara og stjórnenda í framhaldsskólum samþykktu nýgerðan kjarasamning

**8 milljarða króna**

greiðir útgerðin í veiðigjöld á næsta ári

Ákærð fyrir brottnám barna: Dóms að vænta í næstu viku

**DÓMSMÁL** Niðurstaða fæst í mál Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur fyrir dómstólum í Horsens í Danmörku í næstu viku.

Hjördís er ákærð fyrir að nema þrjú börn sín á brott frá Danmörku. Faðir barnanna hefur fullt forræði yfir þeim. Réttarhöld hafa staðið síðustu daga. Börn Hjördísar eru enn á Íslandi en verða flutt til Danmerkur eftir fjórar vikur samkvæmt dómi héraðsdóms. - sss

Meirihluti vildi verkfall:

**Sjúkraliðar boða verkfall**

**KJARADEILUR** Félagar í Sjúkraliðafélagi Íslands og SFR hafa boðað til verkfallsaðgerða í næsta mánuði leysist ekki kjaradeila þeirra við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Um er ræða starfsmenn á elli- og hjúkrunarheimilum og hjá SÁÁ. Starfsmenn ætla að leggja niður störf í átta klukkustundir milli átta og fjögur 12., 15. og 19. maí. 93,75% félagsmanna SLF í og 79,79% félagsmanna SFR svöruðu kosningu um verkfallið játandi. - kón

Landeigendafélag ósátt:

**Segja ríkið sýna tvískinnung**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Landeigendafélag Geysis segir það tvískinnungshátt hjá ríkinu að vera á móti innheimtu aðgangseyris að Geysissvæðinu en standa á sama tíma fyrir innheimtu á aðra ferðamannastaði. Í tilkynningu er nefnd Silfra á Þingvöllum.

„Rökin fyrir þeirri gjaldheimtu eru þau sömu og við Geysi; verndun svæðisins, aðgangsstýring og uppbygging á aðstöðu fyrir ferðamenn,“ segir Bjarni Karlsson, formaður Landeigendafélagsins. - skó

# Lög líklega sett á verkfall

Dósent við HÍ segir líkur benda til að lög verði sett á verkfall flugvallarstarfsmanna. Lögmaður segir ýmis rök lúta að því að flugsamgöngur til og frá landinu varði almannahæill. Því sé heimilt að banna verkfall með lögum.

**VINNUDEILUR** Allar líkur benda til að lög verði sett á verkfall flugvallarstarfsmanna sem á að hefjast miðvikudaginn 30. apríl, það er ef ekki semst fyrir þann tíma. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Háskóla Íslands, segir að reynslan sýni að þegar þeir sem vinna við samgöngur hafi farið í verkföll hafi verið sett lög.

„Löggjafinn hefur metið það svo að ekki sé hægt að hafa landið einangrað frá umheiminum,“ segir Gylfi Dalmann.

„Það lúta ýmis rök að því að flugsamgöngur til og frá landinu varði almannahæill og að lagasetning geti verið heimil,“ segir Inga Björg Hjaltadóttir lögmaður, en hún er jafnframt fulltrúi ríkisins í Félagsdómi.

Inga Björg segir að Hæstiréttur hafi metið það svo í dómum sínum með hlöðsón af Mannréttindasáttmála Evrópu og ýmsum alþjóðasamningum að inngríp löggjafans í vinnudeilur geti verið réttlætlanlegt.


„Hæstiréttur hefur þannig hvorki talið að ákvæði Mannréttindasáttmálans eða alþjóðasamningar útilokuðu að löggjafanum gæti verið heimilt að grípa inn í einstaka vinnudeilur með lagasetningu, né að löggjafanum væri óheimilt að leggja tímabundið bann við einstaka vinnustöðvunum,“ segir Inga Björg en bætir við að það verði að gera strangar kröfur til slíkrar lagasetningar.

Isavia og Samtök atvinnulífsins eru fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar að taka saman greinargerð um þann kostnað sem það gæti haft í för með sér fyrir þjóðarþúfið ef flugvallarstarfsmenn fara í ótímabundið verkfall. Í greinargerðinni á jafnframt að leggja mat á hvaða áhrif verkfall hefði fyrir ferðaþjónustuna til lengri tíma litið. Þegar



**VERKFAÐ** Flugvallarstarfsmenn hafa í þrjúganga boðað til tímabundinna verkfalla sem hafa valdið töfum á flugsamgöngum. Deila þeirra við Isavia virðist í hnút. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## LÖG SEM Í GEGNUM TÍÐINA HAFU VERIÐ SETT Á VERKFÖLL



**GYLFI DALMANN AÐALSTEINSSON**



**INGA BJÖRG HJALTADÓTTIR**

## Þrjár ástæður fyrir lagasetningu

Löggjafinn hefur frá árinu 1985 sett þrettán lög sem banna vinnudeilur. Þar af tengjast þrjár flugstarfsemi. Í grein Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar og Friðriks Friðrikssonar, Lög á verkföll á Íslandi 1985 til 2010, segir að lög á vinnudeilur hafi verið sett ef efnahagslegt vægi þjóðarþúfisins og stöðugleiki á vinnumarkaði eru í húfi, í öðru lagi ef heildarhagsmunir eru í húfi og loks ef lögmæt verkefni og framkvæmd þeirra hjá hinu opinbera eru í húfi.

greinargerðin verður tilbúin á að kynna hana fyrir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráð-

herra. Ríkissáttasemjari hefur boðað samninganefnd Félagsflugmálastarfsmanna ríkisins og

Samtaka atvinnulífsins til sáttafundar á sunnudag.

johanna@frettabladid.is

Gildir til 30. apríl 2014

**15%** afsláttur af öllum pakkningastærðum af Nicorette Fruitmint

**Lækkaðu lyfjakostnaðinn**


SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

**LYFJAVER**

OPÍÐ MÁN-FÖS 8.30-18 og LAU 10-14  
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**KÓLNAR UM HELGINA** Í dag verður yfirleitt fremur hægur vindur og bjart með köflum í flestum landshlutum. Hiti svipaður og í gær en á morgun fer heldur kólnandi, einkum N-til. Á mánudaginn eru horfur á vægu frosti norðanlands.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður





# FÖGNUM SUMRI MEÐ MILLJÓNUM!

Sexfaldur Lottópottur stefnir í 60 milljónir.  
Leyfðu þér smá Lottó!







# GRILLSUMARIÐ ER HAFIÐ

ENGAR  
ELDTUNGURMINNI  
GASNOTKUNÍ ALLRI  
VEÐRÁTTUSTYTTRI  
ELDUNARTÍMIBETRI STJÓRN  
Á HITANASAFARIKARI  
MATUR

100% JAFN HITI

Verðlaunagrillinn frá **Char Broil** búa yfir nýju **TRU-Infrared** tækninni sem gerir þér kleift að grilla í hvaða veðráttu sem er. Grillinn eru afgreidd samsett og keyrð heim til kaupanda ef óskað er.\*



**CHAR-BROIL GASGRILL**  
Grillflötur 450x470 mm  
2 brennarar

**79.900 KR.**

Léttgreiðslur **13.317 KR.** í 6 mán.



**CHAR-BROIL GASGRILL**  
Grillflötur 670x470 mm  
3 brennarar

**129.900 KR.**

Léttgreiðslur **21.650 KR.** í 6 mán.

Við bjóðum  
upp á 6 mánaða  
vaxtalausar  
léttgreiðslur  
Visa og Euro!



**CHAR-BROIL GASGRILL**  
Grillflötur 790x470 mm  
4 brennarar

**159.000 KR.**

Léttgreiðslur **26.500 KR.** í 6 mán.

\*Heimkeyrsla innan höfuðborgarsvæðisins á virkum dögum milli kl. 9-18.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

## Ellingsen

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1  
Sími 580 8500  
mánud.-föstud. 10-18  
laugard. 10-16

AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3  
Sími 460 3630  
mánud.-föstud. 10-18  
laugard. 10-16

## Veidivörður fær bætur fyrir að falla í sprungu sem hann varaði við sjálfur: Ristarbrotnaði við að landa laxi

**DÓMSMÁL** Fyrirverandi starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur á rétt á bótum frá tryggingafélagi fyrirtækisins vegna ristarbrots sem hann varð fyrir við að landa laxi í Elliðaánum.

Maðurinn var í frítíma sínum við veiðar þegar slysið varð í júlí 2010. Hann setti í lax og var að þreyta hann lenti með vinstri fótinn ofan í sprungu og rann 70 til 80 sentimetra ofan í hana. „Hann kvaðst hafa séð þessa sprungu ári áður, er hann var veiðivörður við

ána, en þá hefði maður fótbrotnað í henni. Hann hefði þá látið öryggisfulltrúa hjá Orkuveitunni vita,“ segir um vitnisburð mannsins.

Manninum, sem ristarbrotnaði og var óvinnufær í eitt ár, var sagt upp hjá Orkuveitunni ásamt fleirum í október 2010. VÍS hafnaði bótarétti. „Ætla verði að jafnvægismissinn megi rekja til hreyfinga stefnanda sjálfs og líkamsbeitingar hans er hann reyndi að landa fiskinum,“ segir í rökum VÍS sem héraðsdómur hafnaði.



**ELLIÐAÁR** Vissara er fyrir veiðmenn að stíga gætilega til jarðar í hita leiksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ÁNÆGÐIR** Þeir Jon Gunnar Jørgensen (til vinstri) og Jóhann Sigurðsson fylgdust spenntir með þegar prentun á norsku þýðingunni á Íslendingasögnum lauk í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Íslendingasögurnar þýddar í heild sinni

Heildarútgáfur allra Íslendingasagnanna koma út á mánudag á norsku, dönsku og sænsku. Dásamleg tilfinning segir útgefandinn, sem hefur unnið að verkefninu í átta ár. Mikill áhugi fyrir þýðingunni í Noregi segir ritstjóri norsku þýðingarinnar.

**MENNING** „Við erum spennt eins og krakkar á jölunum,“ segir Jon Gunnar Jørgensen. Hann beið þess spenntur í gær að sjá nýprentaða norska þýðingu Íslendingasagnanna í prentsmiðjunni Odda. Sænsk þýðing sagnanna ásamt danski rennur út úr prentsmiðjunni í kjölfar þeirrar norsku.

Á mánudag kemur út í fyrsta skipti heildarútgáfa Íslendingasagnanna á norsku, sænsku og dönsku, en Jon Gunnar er ritstjóri norskrar útgáfu þýðingarinnar.

„Þetta er dásamleg tilfinning. Þetta hefur verið stórkostlega gaman því þegar maður leitar til fólks til að fá aðstoð við að gera eitthvað fyrir sögurnar fær maður svo góð viðbrögð,“ segir Jóhann Sigurðsson, útgefandi Íslendingasagnanna. Hann hóf undirbúning verkefnisins árið 2006.

Jóhann hafði áður gefið út enska þýðingu Íslendingasagnanna, og segir að þegar þeirri útgáfu hafi verið lokið hafi legið beint við að snúa sér að hinum norðurlandamálunum. „Sögurnar hafa skipt miklu máli á Norðurlöndunum í hundruð ára, og þær notið virðingar og verið rannsakaðar af fræðimönnum.“

Undir það tekur Jon Gunnar. „Ég fann það strax þegar við byrjuðum að það var mikill áhugi fyrir þessu verkefni. Fjölmörgu hafa sýnt þessu mikinn áhuga, og við höfum fengið góða styrki til að standa undir kostnaði við þýðinguna. Sögurnar hafa haft mikil áhrif á norskt menningarlíf og fólk þekkir þær, þó fyrst og fremst Heimskringlu.“

Jon Gunnar segir að þýðendur í löndunum þremur hafi haft með sér

ákveðið samstarf, þó verkið hafi verið unnið sjálfstætt í hverju landi. Þeir hafi glímt við sviðuð vandamál.

„Kvæðin eru sérstaklega erfið, enda eru þau líka torskilin fyrir Íslendinga. Við þurftum að ákveða hvort við myndum þýða þau þannig að þau líktust sem mest upprunalegum texta skáldsins, eða hvort við myndum þýða þau þannig að nútímafólk gæti skilið þau,“ segir Jon Gunnar.

Norsku þýðendurnir völdu síðari leiðina, en þeir dönsku reyndu að halda sig nær upprunalega textanum. Ekki var reynt að þýða sögurnar á finnsku. „Sögurnar hafa ekki sams konar hefð í Finnlandi og á hinum Norðurlöndunum,“ segir Jon Gunnar. Þá bendir hann á að erfiðt hefði getað verið að finna nægilega mikið af hæfum sérfræðingum til að þýða sögurnar úr íslensku á finnsku.

brjann@frettabladid.is

### Flytur Danadrottningu drápu

„Pann 21. maí mun Þóririnn Eldjárn, sem hefur ort drápu til Danadrottningar að fornum hætti, fara í höllina þar sem drottningin mun taka á móti okkur og hlýða á drápunna,“ segir Jóhann Sigurðsson, útgefandi Íslendingasagnanna.

Hann segir þetta þakklætisvott til dönsku þýðingarinnar fyrir rausnarleg framlög, og að til standi að flytja konungum Noregs og Svíþjóðar drápur síðar.

„Það verður stór stund að endurvekja þúsund ára gamla hefð. Drápan er algert snilldarverk, við erum búnir að sjá hana,“ segir Jóhann.

### → Styrkir duga fyrir kostnaði við þýðingar

- Allar Íslendingasögurnar 40, auk 49 þátta, voru þýddar á norsku, dönsku og sænsku.
- Prentuð verða 2.000 eintök af sögunum á hverju tungumáli.
- Útgáfan er um 2.500 síður, en samtals þurfti að þýða um 8.400 blaðsíður fyrir útgáfuna á tungumálunum þremur að öllu meðtöldu.
- Bækurnar eru prentaðar í Odda, og er þetta eitt víðamesta verkefni prentsmiðjunnar.
- Kostnaður við útgáfuna er um 250 milljónir króna. Styrkir hafa fengið hér á landi, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og er útgáfan að fullu fjármögnuð.
- Verkefnið hófst hjá Sögu forlagi árið 2006 og lýkur formlega með útgáfu bókanna þann 28. apríl.
- Hátt í 100 manns hafa unnið við ritstjórn, þýðingar og yfirllestur.
- Miklar kröfur voru gerðar til læsileika og nákvæmni þýðinganna, og voru virt skáld og rithöfundar í löndunum þremur fengin til að lesa yfir og leggja til breytingar á orðalagi.
- Þjóðhöfðingjar Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar rita formála í bækurnar.





**4G**  
LTE  
**1.000 kr.**  
notkun í  
12 mánuði  
fylgir!

**iPhone 5s 16GB**  
**109.990 kr.** stgr.  
6.690 kr. /18 mán.



**4G**  
LTE  
**1.000 kr.**  
notkun í  
12 mánuði  
fylgir!

**Samsung Galaxy S5**  
**119.990 kr.** stgr.  
7.290 kr. /18 mán.



**4G**  
LTE  
**1.000 kr.**  
notkun í  
6 mánuði  
fylgir!

**Samsung Galaxy S4**  
**79.990 kr.** stgr.  
4.890 kr. /18 mán.

# Novalegt snjallsumar!



**4G**  
LTE  
**1.000 kr.**  
notkun í  
6 mánuði  
fylgir!

**iPhone 5c 16GB**  
**89.990 kr.** stgr.  
5.490 kr. /18 mán.



**Sjálfsmelluhnappur**  
**1.990 kr.** stgr.  
HISY þráðlaus myndavéla-  
hnappur fyrir iPhone (iOS 7).



**Urbanears**  
**11.990 kr.** stgr.  
Margir litir fáanlegir.



**Polar Loop snjallband**  
**19.990 kr.** stgr.



**Nike+ FuelBand SE**  
**29.990 kr.** stgr.

Opið hjá okkur í dag í Kringlunni og Smáralind 13–18.  
Á Selfossi 13–16 og á Akureyri 13–17. Gleðilegt sumar.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

# NOVA





## Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðir eftir óskum hópsins



Hafið samband við sölumenn Rekstrarlands eða næsta útibú Olis og leitið tilboða. Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olis og er dótturfyrirtæki Ölluverzlunar Íslands hf.

**REKSTARLAND**  
- léttir þér lífið

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

[www.rekstrarland.is](http://www.rekstrarland.is)



## Mataræði og heilsa

Ráðstefna Heilsufrelsis á Hótel Hilton Nordica  
sunnudaginn 4. maí 2014 kl. 13 – 17

### Eftirfarandi verður á dagskrá:

- **Heilsueflandi mataræði**  
Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir
- **Nærumhverfi og heilsa**  
Vilhjálmur Ari Arason heimilislæknir
- **Erfðabreytt fæða og heilsufar**  
Kristín Vala Ragnarsdóttir prófessor við Jarðvísindadeild HÍ
- **Áhrif glútens á andlega og líkamlega heilsu**  
Birna Ásbjörnsdóttir ráðgjafi og nemi í næringarlæknisfræði
- **Ræktun matjurta í heimilisgarðinum**  
Auður Ottesen garðyrkjufræðingur
- **Heilsuvernd og náttúruvernd**  
Gunnar Rafn Jónsson skurðlæknir
- **Kynningar á heilsueflandi mat og fleiru viðkomandi mataræði og heilsu.**

Sjá nánar á [www.heilsufrelsi.is](http://www.heilsufrelsi.is) og á facebook  
Miðasala á [www.midi.is](http://www.midi.is).

**HeilsuFrelsi**  
Samtök um verndun heilsu Íslendinga

# Smástirnavá er meiri en áður var talið

Bandaríska vísindastofnunin B612 varar við því að smástirni sem lenda á jörðinni séu mun fleiri en talið hefur verið. Nýr og rándýr sjónauki er í smíðum.


**GEIMVÍSINDI** Bandaríska vísindastofnunin B612 hefur birt myndband á heimasíðu sinni sem sýnir hvar smástirni hafa lent á jörðinni á undanförunum árum. Með myndbandinu vill hún sýna fram á að aðskotahlutir úr geimnum séu algengari á jörðinni en flestir halda og hvetur stjörnvöld til að vera betur á varðbergi.

Myndbandið er byggt á gögnum samtakanna CTBTO, sem berjast gegn tilraunum með kjarnorkusprengjur. Á árunum 2000 til 2013 urðu skynjarar samtakanna varir við 26 stórar sprengingar á jörðinni. Engin þeirra var af völdum kjarnorkusprengju heldur smástirna sem lentu á jörðinni. Krafturinn sem myndaðist við það nam allt frá einu kílótonni upp í sex hundruð. Til samanburðar var sprengjan sem lagði japönsku borgina Hírósíma í rúst 15 kílótonn.

Sem betur fer eyðist megnið af öllu geimgrjóti í loftjúpi jarðar, auk þess sem mikið af því sem kemst í gegn lendir í sjónum. Aðeins örfá tilfelli hafa komist í fréttirnar, nú síðast þegar stór loftsteinn, sem var 20 metrar að þvermáli, sveif yfir rússnesku borginni Tseljabínsk í fyrra og lenti í ísilögðu vatni.

Samkvæmt B612 gefa gögnin frá CTBTO í skyn að á hundrað ára fresti lenti á jörðinni margra megatonna smástirni, nógu stórt til að valda mikilli eyðileggingu í stórra borg. Frægt er þegar smástirni eða halastjarna, sem talið er að hafi verið um 45 kílómetrar í þvermál, lenti á óbyggðu svæði skammt frá ári Tunguska í Rússlandi 1908.

„Það er dálítið svipað með þetta og jarðskjálfta,“ segir Ed Lu, fyrrverandi geimfari og núverandi yfir-



**ÞÝTUR YFIR HIMININN** Smástirnið sem sveif yfir rússnesku borginni Tseljabínsk í fyrra og lenti í ísilögðu vatni. NORDICPHOTOS/AFP

maður B612, í viðtali við BBC. „Í borgum þar sem mikil hætta er á þeim, Tókýó, Los Angeles og San Francisco, er vitað um líkurnar á stórum skjálftum með því að fylgjast með litlum skjálftum. Það er hægt að gera það sama með smástirni,“ sagði hann. „Lítið hefur verið vitað um þau sem hafa lent á jörðinni síðasta áratuginn fyrr en núna nýlega. Upplýsingarnar sýna okkur að smástirni sem lenda hér eru mun fleiri en við höldum.“

Til þess að meta betur líkurnar á því að svona stórir loftsteinar skelli á jörðu er B612 að smíða sjónaukann Sentinel. Hann verður tilbúinn til notkunar árið 2018 og kostar um 28 milljarða króna. [freyr.frettabladid.is](http://freyr.frettabladid.is)

## Er sumarið komið í umferð hjá þér?

Nú er tími sumardekkjanna kominn og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð fagmanna okkar við val á dekkjum með rétta eiginleika, - það er öruggast.



**PIRELLI**

**TOYO TIRES**  
driven to perform

**BFGoodrich**  
TAKE CONTROL



**MAXXIS**



**INTERSTATE TIRES**



Þjónustusími: 561 4200

Reykjavík: Fiskislóð 30 • Grjóthálsi 10  
Reykjanesbæ: Njarðarbraut 9



Bilabúð Benna - Dekkþjónusta

Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045  
[www.benni.is](http://www.benni.is) • Þjónustuborð: 590 2000

Umboðsmenn um land allt





5 ára ábyrgð  
Ótakmarkaður akstur



Hyundai i30

# Sparneytinn með dísilvél

Hyundai i30 dísil, beinskiptur - Verð: 3.290.000 kr.

Eldsneytisnotkun frá einungis 3,5 l/100 km í langkeyrslu og 4,1 l/100 km í blönduðum akstri\*

Brekkuhemlun (HAS) / ESP stöðugleikastýring / iPod, AUX og USP tengi / Aksturstölva þokuljós / Aðgerðahnappar í stýri / Hiti í sætum / Reyklitað gler.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200  
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

Núi bíllinn er Hyundai

ENHEMI / SIA / NMG2531 \*Middi vð uppgefnar tölu framleiðanda um eldsneytisnotkun beinskiptis i35 í blönduðum akstri



Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bilaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080





## Aðalfundur Miðborgarinnar okkar 2014

Aðalfundur Miðborgarinnar okkar verður haldinn þriðjudaginn, 29. apríl kl. 18:15 í Hannesarholti, Grundarstíg 10.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, ársskýrslur formanns og framkvæmdastjóra, ársreikningur kynntur af gjaldkera, gengið til stjórnarkjörs og kjörs embættismanna. Einnig verður fjallað um helstu mál er varða miðborgina, framtíð hennar og möguleika.

Allir félagar í Miðborginni okkar eru boðnir hjartanlega velkomnir og að fundi loknum verður boðið upp á léttar veitingar og tónlistaratriði.

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR  
WWW.MIDBORGIN.IS



# Aukakjördæmaþingi var frestað í tvígang

Brösuglega hefur gengið fyrir Framsóknarflokkinn í Reykjavík að ná saman lista til borgarstjórnar. Aukakjördæmaþingi hefur verið frestað tvívegis, þann 5. apríl og 24. apríl. Þriðja tilraun til aukakjördæmaþings verður þann 29. apríl næstkomandi.

**STJÓRNMÁL** Framsóknarflokkurinn í Reykjavík, flokkur forsætisráðherra í stærsta sveitarfélagi landsins, hefur verið án oddvita síðan 3. apríl síðastliðinn. Þá hætti Óskar Bergsson sem oddviti flokksins í borginni. Með því vildi hann axla ábyrgð á litlu fylgi flokksins í skoðanakönnunum í Reykjavík. Fylgi flokksins í könnunum hefur ekki verið nálægt því fylgi sem flokkurinn fékk í borginni í alþingiskosningum síðustu. Fylgið mældist 3,3% í þjóðarpól Gallup þann 22. nóvember. Sömu sögu er að segja af síðasta þjóðarpól Gallup. Á þessu sex mánaða tímabili hefur fylgið í borginni verið á bilinu 3-5 prósent.

Þann 20. nóvember kynnti Framsóknarflokkurinn í Reykjavík sjö efstu frambjóðendur á lista flokksins til borgarstjórnarkosninga sem halda á í maí, fyrstur flokka. Óskari Bergssyni var stillt upp sem oddvita flokksins og Guðrúnu Bryndísi Karlsdóttur var stillt upp í annað sætið. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar hjá Framsókn í borginni.

Þann 3. apríl steig Óskar til hliðar sem oddviti, tveimur dögum áður en kjördæmaþing átti að koma saman og samþykkja listann. Því kjördæmaþingi, 5. apríl, var frestað.

Hófst þá leitinn að nýjum oddvita. Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, gaf að lokum kost á sér til að

leiða lista flokksins. Það staðfesti síðan Guðni Ágústsson í hádegisfréttum Bylgjunnar, annan í páskum. Voru framboðsmálin komin það langt á veg að boðað hafði verið til kjördæmaþings í annað sinn í Reykjavík sumardaginn fyrsta, 24. apríl, þar sem til stóð að samþykkja nýjan lista með Guðna í broddi fylkingar.

Daginn fyrir kjördæmaþing var þinginu frestað öðru sinni með stuttum fyrirvara eftir að Guðni hætti við að leiða listann.

Nú á þriðjudaginn, 29. apríl, er von á þriðja listanum frá Framsóknarflokki og þriðja aukakjördæmaþing boðað. Þar á að samþykkja nýjan framboðslista til borgarstjórnar. Þórir Ingbórsón, formaður kjördæmasambands Framsóknarflokksins, hefur gefið það út að listinn sé tilbúinn án þess að gefa það upp hver leiði listann.

Guðrún Bryndís Karlsdóttir, annar maður á lista Framsóknarflokksins eins og hann var kynntur þann 20. nóvember, hefur lítið fengið að fréttu um nýjan lista og verið haldið fyrir utan málið að eigin sögn. Guðrún Bryndís mun að öllum líkindum ekki taka sæti á listanum. sveinn@frettabladid.is



ÓSKAR BERGSSON

GUÐNI ÁGÚSTSSON

GUÐRÚN BRYNDÍS KARLSDÓTTIR



SUBARU

Confidence in Motion

## SUBARU OUTBACK FJÓRHJÓLADRIFINN – SJÁLFSKIPTUR



Subaru Outback 2.0I BOXER dísil, sjálfskiptur  
Verð: 6.890.000 kr.

Ný LINEARTRONIC stíglaus sjálfskipting með þrepastillingum í stýri og leðurklædd rafdrifin sæti.

6,3 l / 100 km

í blönduðum akstri



SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sitengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERÐU ÖRUGG BÍLAKAUP – KAUPTU SUBARU!

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080



## Fyrsta áfanga þráðlauss nets í leikskólum Kópavogs lýkur í sumar: Þráðlaust net og 100 ný tæki

**MENNTUN** Þráðlaust net verður komið í alla leikskólana nítján í Kópavogi í sumarlok. Þetta segir Sigríður B. Tómasdóttir, almanna-tengill Kópavogsbæjar. Fjóla Þorvaldsdóttir, varaformaður Félags leikskólakennara og sérkennslustjóri í leikskóla í Kópavogi, hefur lýst því yfir að ekki sé hægt að nota efni Námsgagnastofnunar með íslensku efni fyrir spjaldtölvur vegna skorts á þráðlausu neti í leikskólunum þar.

Sigríður segir að fyrsta áfanga

í uppsetningu þráðlauss nets verði lokið í sumar. „Það verður komið þráðlaust net í alla leikskólana í lok sumars en einhver svæði inni á leikskólunum eða deildir verða án þráðlauss nets. Á næsta ári verður svo lokið við að setja upp þráðlaust net alls staðar í leikskólana.“



SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR

Allar deildir í leikskólunum nítján fá einnig í sumar ný tæki að eigin vali, spjaldtölvu, fartölvu eða borðtölvu. „Leikskólunum hefur þegar verið sent bréf um að þessi tæki standi til boða. Þetta eru um 100 tæki sem Kópavogsbær kaupir handa leikskólunum. Þess má geta að mjög margir hafa ákveðið að velja spjaldtölvur inn á deildirnar hjá sér og bærinn hefur staðið fyrir námskeiðum í notkun spjaldtölvu í kennslu í leikskólum og mun halda fleiri námskeið í haust.“

- ibs

## Drukkin kona tók ekki tiltali í ferð með Wow: Reykti á salerninu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum var um miðja vikuna kölluð til aðstoðar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, vegna konu á þritugsaldri sem hafði verið til vandræða um borð í flugvél WOW air.

Konan, sem var drukkin, hafði meðal annars reykt inni á salerni vélarinnar með þeim afleiðingum að viðvörðunarkerfi fór í gang. Engan árangur bar að ræða við hana svo hún yrði til friðs í vélinni. Við komu til Keflavíkur tók lögregla við henni.

-skó



VIÐ LEIFSTÖÐ Drukkin ferðamaður sá eftir slæmri hegðan í flugvél þegar lögregla ræddi við hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**IPHONE-SNJALLSÍMINN** Apple vill meina öikumönnum að skrifa og senda smáskilaboð meðan á keyrslu stendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Apple vill fækka árekstrum: Lokað á SMS við keyrslu

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið Apple hefur lagt fram einkaleyfi á sjálfvirkum kerfi, sem lokar fyrir ýmsa notkunar- og möguleika snjallsíma þegar eigendur þeirra eru að keyra.

Kerfinu er ætlað að skynja hvenær eigandi þess er að keyra, með skynjurum eða með því að tengjast bílnum. Þegar öku- maður skrifar skilaboð í akstri minnkar viðbragðstími hans um 35 prósent og er hann því mun líklegri til að valda árekstri.

Þá hefur þriðjungur ökumanna í Bretlandi viðurkennt að hafa skrifað eða lesið SMS við akstur.

- skó

### Danska kirkjan tæknivæðist: Vill bitcoin í hjálparstarfið

**DANMÖRK** Hjálparstarf kirkjunnar í Danmörku tekur við fjárframlögum í rafræna gjaldmiðlinum bitcoin. Þetta þykir mörgum sérfræðingum skjóta skökku við þar sem gjaldmiðillinn hefur verið settur í samhengi við viðskipti með fíkniefni og vopn, að því er segir á vef Kristilega dagblaðsins.



Haft er eftir hagfræðiprófessornum Christen Sørensen að vitað sé að gjaldmiðillinn bitcoin hafi verið notaður til að þvætta peninga víða um heim og að enginn viti hver standi á bak við hann.

- ibs

### VIÐSKIPTI

#### MS undir 5% í Nokia

Eignarhlutur Microsoft í finnska tæknifyrirtækinu Nokia hefur farið niður fyrir fimm prósent, að því er fram kemur í tilkynningu til Nasdaq OMX-kauphallarinnar í Finnlandi. Breytingin er í tengslum við innlausn á breytanlegum skuldabréfum við lok sölu á öllum tækja- og þjónustuhluta Nokia til Microsoft. Skuldabréfin hljóðuðu upp á 1,5 milljarða evra og voru gefin út í þrennu lagi.



## LÆKKUN HÚSNÆÐISLÁNA OG VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNADUR

Fræðslufundur í Arion banka, Borgartúni 19, mánudaginn 28. apríl kl. 12.

Á fundinum verður farið yfir fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til höfuðstólslækkunar húsnæðislána. Auk þess verða kostir viðbótarlífeyrissparnaðar kynntir.

Aðgerðirnar skiptast í þrennt:

- ▶ Niðurfærsla á höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána eða með sérstökum persónuafslætti.
- ▶ Skattfrjálsa greiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána.
- ▶ Skattfrjálsa greiðslu viðbótarlífeyrissparnaðar upp í útborgun á íbúð.

Fyrirlesari er Snædís Ögn Flosadóttir, sérfræðingur á eignastýringarsviði Arion banka.

Fundurinn stendur yfir í rúmlega klukkustund. Kaffiveitingar í boði.

Allir velkomnir – skráning á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)



# Rannsóknarsjóður

## Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar

### Umsóknarfrestur 20. maí



Stjórn Rannsóknarsjóðs Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haralds Sigurðssonar auglýsir styrki úr sjóðnum fyrir 2014. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenski bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni.

Stjórn sjóðsins metur umsóknir eftir gæðum rannsóknarverkefna og tengsl þeirra við markmið sjóðsins, færni og reynslu umsækjanda til að stunda rannsóknir og aðstöðu til að sinna verkefninu. Hámarksstyrkupphæð fyrir árið 2014 er 1.000.000 kr.

**Umsóknarfrestur er til 20. maí 2014, kl. 16:00.**

Umsóknir eru rafrænar og sótt eru um í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við umsóknum á öðru formi.

Nánari upplýsingar og umsóknagögn má nálgast á [www.rannis.is](http://www.rannis.is)



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT



# Tók of krappa beygju

Enn er leitað að líkum um borð í suðurkóresku ferjunni Sewol, sem sökk í síðustu viku.

**SUÐUR-KÓREA, AP** Í gær, tíu dögum eftir að ferjan Sewol sökk suðvestur af Kóreuskaga, voru kafarar enn að kanna skipið í leit að líkum. 183 hafa fundist en 119 manns var enn saknað, og fullvíst talið að þeir væru allir láttnir. Alls virðast 302 hafa farist með skipinu. 174 komust lífs af.

Enn hafa ekki fengist endanlegar skýringar á því að skipið sökk, en síðustu daga hefur athyglin beinst að því að ferjan hafi verið ofhlaðin.

Um borð voru 3.608 tonn af bifreiðum og öðrum varningi, en það er þrisvar sinnum meira en óhætt var. Þetta er líka mun meira en skipstjórinn hafði gefið upp á pappírnum. Hann sagði ferjuna hafa siglt af stað með 150 bifreiðar og 657 tonn af öðrum varningi.

Lykilatriði er hér að ferjunni var breytt árið 2012 þegar farþegarýmið var stækkað þannig að hún gæti flutt 921 farþega í staðinn fyrir 804.



Þessum breytingum fylgdu þau skilyrði að skipið mátti ekki lengur flytja nema þúsund tonna farm, en áður réði ferjan við meira en 2.500 tonn. Eftir breytingarnar þurfti einnig að sjá til þess að meira en 2.000 tonn af kjölfestuvatni væru í skipinu.

Þrátt fyrir þetta gaf útgerð skipsins upp að flutningsgeta þess væri 3.963 tonn, sem er óbreytt frá því áður en skipinu var breytt.

Skipstjóri ferjunnar var ekki við stýrið þegar kröpp beygja var tekin á leið skipsins. Beygjan var 45 gráður, sem virðist hafa verið meira en skipið réði við. Skömmu síðar byrjaði það að hallast og sökk nokkrum tímum síðar. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

## Rannsóknin beinist að ofhleðslu

Margt bendir til þess að suðurkóreska ferjan Sewol hafi sokkið vegna þess að farmur hennar var of þungur.



# SPARNEYTINN OG SPORTLEGUR.

Enginn annar bílaframleiðandi hefur jafn staðfastlega og jafn lengi leitað nýrra leiða til að draga úr eldsneytiseyðslu og BMW. Það er komið að þér að upplifa BMW gæði, sparneytni og afl. BMW 116d með 116 hestafla dísilvél er skemmtilegur millistærðarbíll sem sameinar alla helstu kosti BMW. Við bjóðum þig velkominn að reynsluaka og upplifa BMW.

**BMW 116d – 4,1 l/100 km\***  
Verð frá 4.490.000 kr.

**BMW EfficientDynamics**  
Less emissions. More driving pleasure.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16



\*Miðað við uppgæfnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í bílduðum akstri.





# Pollapönk og pollagallar í nýrri barnafataverslun í Kringlunni

Opnum nýja barnafataverslun í Kringlunni í dag.  
Pollapönk skemmtir kl. 12:00. Verið velkomin.





NÝTT SPORT Á ÍSLANDI

Bili á mynd er Porsche Macan S bensín

\*Bláblöð Benma áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara. ©2014. Gert með fyrirvara um prentvillur.



### **Porsche Macan S Diesel**

258 hestöfl • 580Nm tog • CO<sub>2</sub> 159 g/km  
Hröðun 6.3 sek. 0-100 km/klst. • Eyðsla 6.3 l/100 km í blönduðum akstri.

### **Ríkulegur staðalbúnaður:**

7 gíra PDK sjálfskipting með skiptingu í stýri, leður og Alcantara innrétting,  
rafdrifnð ökumannssæti, hiti í framsætum, 18" álfelgur, Led dagljósabúnaður,  
tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fullkomið hljómkerfi, sport  
aðgerðarstýri, rafdrifinn afturhleri, o.m.fl. Sjá nánar á [benni.is](http://benni.is)

**Verð: 11.950.000 kr.**





# Sýnum Macan í dag

Sportið er í Porsche genunum, það vita allir sannir bílaáhugamenn og um það vitna óviðjafnanlegustu sportbílur heimsins. Árið 2002 markaði Porsche sér afgerandi sérstöðu í flokki lúxusjeppa með kynningu á Cayenne. Nú, tólf árum síðar, afhjúpar meistari sportbilanna nýjan, magnaðan bíl, sem sameinar bestu eiginleika Porsche - **þetta er sportjeppinn Macan.**

**Magnað meistaraverk frá Porsche**  
**Opið í dag frá kl. 12:00 til 16:00**



**PORSCHE**



Gengisfelling orða og hugtaka:

# Nornaveiðar

Þjóðleikhúsið frumsýndi í gærkvöldi leikritið Eldraunina, eða The Crucible, eftir bandaríska leikskáldið Arthur Miller. Leikritið er byggt á sögulegum atburðum sem áttu sér stað í Salem á austurströnd Bandaríkjanna við lok sautjándu aldar. Um var að ræða svokallaðar nornaveiðar eða galdraofsóknir en í leikritinu eru nokkrar ungar stúlkur staðnar að því að magna seið úti í skógi og í kjölfarið eru þær grunaðar um galdur. Rannsóknarmenn og dómarmenn eru kallaðir til bæjarins og stúlkurnar bregðast við með því að saka aðra í bænnum um að vera andsetnir.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Arthur Miller leit á verkið sem ádeilu á McCarthy-tímamann fyrir sextíu árum, en þegar verkið var fyrst frumsýnt á Broadway áttu sér stað nornaveiðar í Bandaríkjunum. Öldungadeildarþingmaðurinn Joseph McCarthy fór fyrir

hópi fólks sem vildi stöðva útbreiðslu kommúnisma í Bandaríkjunum. Sjálfur var Miller kallaður til yfirheyrslu á vegum nefndar sem kallaðist því óþjálfa nafni „Óameríska nefndin“. Miller var sakaður um að vera kommúnisti eða í það minnsta að hafa samúð með málstað þeirra. Hann neitaði að benda á aðra sem gætu verið hallir undir kommúnisma og var dæmdur fyrir að óvirða bandaríska þingið. Þeim úrskurði var síðar hnekt.

Arthur Miller lifði raunverulegar nornaveiðar. Sjötti áratugurinn í Bandaríkjunum var óhugnanlegur tími hvað varðar ofsóknir á hendur fólki með ákveðnar stjórnmálaskoðanir – og ætti að vera okkur víti til varnaðar.

Nornaveiðar eru dauðans alvara og sögulega eru þær furðu nálægt okkur í tíma sem slíkar. Og því miður eru nornaveiðar eitthvað sem við þekkjum ágæt dæmi um í nútímanum; annaðhvort í því formi að einhver sá sem unnið hefur sér eitthvað til óhelgi að mati hóps, sem telur sig fara með kennivald, er tekinn af lífi án dóms og laga í óeiginlegri merkingu eða í formi kröfugerðar um að eðlilegar leikreglur réttarríkis séu sveigðar til móts við refsigleði múgs. Og þá er sönnunarfærsla aukaatriði.

Við ættum öll að temja okkur að tala af ábyrgð um fyrirbæri sem þessi en því miður hefur borið á því, ekki síst meðal stjórnmálamanna vorra tíma, að merking orða og hugtaka hefur verið gengisfelld. Okkur hættir til að vilja líkja snarpi umræðu við nornaveiðar fyrri alda eða ofsóknir og einelti í okkar nærsamfélagi. Þannig erum við fljót að gera lítið úr því þegar fólk er raunverulega ofsótt. Nýjasta dæmið um slíkt gæti verið Guðni Ágústsson en hann hætti óvænt við að leiða lista Framsóknarflokksins í Reykjavík. Fjölmargir vilja rekja þá ákvörðun til ofsókna sem Guðni á að hafa sætt á netinu. Er þar talað um „óhróður“ og „nettröll“; Sigrún Magnúsdóttir, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, sagði í Fréttablaðinu í gær að menn hefðu farið hamförum í gagnrýni á Guðna á meðan hann var að hugsa sig um.

„Margt af því sem birtist á bloggsíðum og víðar er ógeð,“ sagði Sigrún í gær án þess að nefna nein dæmi. Við sem höfum fylgst með umræðunni spyrjum okkur hvar þennan meinta óhróður sé að finna nema átt sé við pistla þar sem vitnað er í orð Guðna sjálfs. Það er ekkert leyndarmál að Guðni hefur í áraradír barist gegn hagsmunum Reykvíkinga í nafni byggðastefnu. Hann hefur meðal annars flutt þingmál um að Reykvíkingar eigi að borga hærri skatta en aðrir landsmenn, svo aðeins eitt dæmi sé nefnt.

Spuninn virðist sá að Guðni sé fórnarlamb nornaveiða nútímalagra nettrölla og hafi þess vegna mátt hrökklast frá. Fólk ætti ekki að tala af svo mikilli léttúð um það þegar raunveruleg mógsefjun og nornaveiðar taka völdin.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

## Aðalfundur



Aðalfundur Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, verður haldinn þriðjudaginn 29. apríl 2013, kl 19:30 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.

### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál

Þeir félagsmenn einir hafa kosningarétt sem hafa greitt félagsgjaldið fyrir árið 2013.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Stjórnin

## SPOTTIÐ



## AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

### Dýpri og frjórri umræða

Tillaga utanríkisráðherra um að slíta aðildarviðræðunum við Evrópusambandið hefur með margvíslegu móti virkað á annan veg en hann ætlaði. Sjálfur hefur hann til að mynda víðurkennt að hafa gert mistök með því að gera sér ekki grein fyrir þeirri kröftugu andstöðu mikils meirihluta þjóðarinnar sem birst hefur síðustu vikur. Svo er annað að hann vill ekki draga neinn lærdóm af þeim mistökum.

En hitt er ekki síður athyglisvert að tillagan hefur vakið upp alveg nýjan áhuga á upplýstri umræðu um öll þau álitaefni sem aðildarumsókninni tengjast og kosti hennar og galla. Um nokkurn tíma hefur umræðan verið föst í tiltölulega einföldum frö-



hefur verið uppstæðan í röksemdafærslunni.

Engu er hins vegar líkara en að tillagan um viðræðuslit hafi leyst úr læðingi mikinn áhuga á dýpri skoðun málsins. Sú spurning hefur orðið áleitnari hvað við blasir ef Evrópuleiðinni er lokað. Efasemdir um að unnt verði að tryggja til frambúðar stöðugleika án hafta eru meiri en áður. Þetta er breytt pólitískt landslag. Fyrir

um. Og eins og úttekt á fréttalutningi Ríkisútvarpsins sýndi hafa andstæðingar aðildar verið ráðandi í umræðunni. Einfaldur hræðsluárður

tveimur mánuðum gat ríkisstjórnin verið hæfilega áhyggjulaus vegna spurninga af þessu tagi.

Nú kemst hún ekki hjá því að taka þær með í reikninginn. Það er gott. En hitt er verra að hún er málefnalega illa undirbúin. Það skýrir hversu ómarkviss og fálmennd viðbrögð hennar hafa verið við uppreisn almennings.

Skýrslur hagfræðistofnunar og alþjóðastofnunar Háskóla Íslands bæta úr sárum skorti á þekkingarundirstöðu fyrir málefnalega rökræðu. Þó að utanríkisráðherra hafni þekkingarframlaginu og bindi sjálfan sig fastan við siglutré hræðsluáróðursins bendir flest til að þunginn í málefnalegri umræðu muni aukast. Málið verður stærra í næstu kosningum en ella hefði orðið.

## Sjávarútvegurinn

Þó að skýrslurnar tvær séu góð umræðubót fer því fjarri að öll álítamál hafi verið brotin til mergjar.

Tvær áhugaverðar spurningar vakna vegna sjávarútvegsins. Önnur lýtur að samningum við þriðju ríki um fiskveiðiheimildir úr deilistofnum innan og utan lögsögu. Þar er meginreglan sú að Evrópusambandið semur fyrir hönd aðildarríkjanna. Enn hefur hins vegar engin djúp greining farið fram á því hvernig kaupin gerast á eyrinni innan banda-

lagsins að þessu leyti.

Við höfum langa reynslu af því að Evrópusambandið er harðdrægt fyrir hönd aðildarríkjanna. En hvernig koma þau ár sinni fyrir borð inn á við? Makrillinn er dæmi um stofn þar sem ætla má að betra hefði verið að semja áður en til mögulegrar inngöngu kæmi. En er hugsanlegt að í öðrum tilvikum gæti verið sterkara að hafa sambandið allt að baki Íslandi, til dæmis gegn Norðmönnum og Rússum? Þetta þarf að skoða betur.

Einnig þarf að skoða hversu

miklar takmarkanir á erlendri fjárfestingu í sjávarútvegi eru æskilegar. Morgunblaðið var til að mynda frá upphafi andvigt fjárfestingafyrirvaranum í samningnum um evrópska efnahagssvæðið alveg óháð afstöðunni til aðildar. Er hugsanlegt að í ljósi mikilla tækifæra í meiri fullvinnslu og ýmiss konar hátækniðnaði í sjávarútvegsklasanum hefði greinin þörf fyrir rýmri fjárfestingarkosti? Menn eiga ekki að hrapa að niðurstöðum. En það er ástæða til að greina slík álitaefni betur.

## Landbúnaðurinn

Útgangspunkturinn í öllum athugunum á landbúnaðinum í tengslum við hugsanlega Evrópusambandsaðild er að verja óbreytt ástand. Það er virðingarvert út frá því sjónarhorni að menn vita hvað þeir hafa. En er ekki hitt líka spurning hver framtíð landbúnaðarins á Íslandi er að öllu óbreyttu? Er ekki hugsanlegt að þeir kostir séu af þröngri ætli menn sér að sækja fram?

Það hefur orðið talsverð framleiðniaukning í landbúnaði. Bænd-

um fækkaði til að mynda nokkurn veginn í sömu hlutföllum hér á tíma Guðna Ágústssonar í landbúnaðar ráðuneytinu og í Finnlandi á fyrsta áratug Evrópusambandsaðildar. Það var til marks um framfarir bæði hér og þar.

Framleiðniaukningin þarf að halda áfram eigi bændur ekki að dragast aftur úr. En það eru takmörk fyrir því hvað þeim má fækka án þess að það ógni tilveru greinarinnar. Spurningin er því sú hvort ekki þarf að hugsa dæmið upp á

nýtt. Gætu sóknarfæri landbúnaðarins hugsanlega falist í frjálssari viðskiptum og greiðari aðgangi að nærmörkuðum?

Við áleitnum spurningum af þessu tagi eru engin einföld svör. En ástæða getur verið til að greina þær betur og skoða hvort breytingar gætu mögulega falið í sér meiri tækifæri en óbreytt ástand. Hér eru verkefni fyrir fræðasamfélagið. Og þó að pólitíkin sé lokað fyrir þekkingaröflun er greinilegt að almenn- ingur kallar eftir frjórri umræðu.





Troðfull  
verslun af  
merkjavörum!

40%-  
70%

afsláttur  
af öllum  
vörum

---

50% afsláttur  
af öllum skyrtum mikið úrval!

**BOSS**  
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO  
RALPH LAUREN

ARMANI  
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM  
MADISON PARK • NY

gardeur®

HUGO  
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI  
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI  
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18  
laugardaga frá kl. 11 til 17  
sunnudaga frá 13 til 17  
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



# HELGIN

**Bjarni Harðarson bóksali**

## Segir lygasögur

„Ég þarf að hitta Lionsklúbb í dag og segja honum lygasögur af Árneseingum. Það er alltaf stöðug eftirspurn eftir þeim. Svo er það oft þannig á sunnudögum að konan mín telur rétt að fara með mig út að viðra mig. Þá hlýði ég því ef hún tekur það í sig.“



**Bergún Snæbjörnsdóttir**  
tónlistarkona

### Spilar og spilar

Ég er að fara að æfa með hópnum S.L.Á.T.U.R. fyrir tónlistarháttina Tectonics í Glasgow 8. maí og tónleikana sem við höldum áður en við förum út.



**Svana Lovísa Kristjánsdóttir,**  
hönnuður og bloggari.

### Kristjánsleikarnir

„Á sunnudag tek ég þátt í hinum árlegu Kristjánsleikum – íþróttakeppni stórfjölskyldunnar minnar haldin til heiðurs Kristjáni afa mínum og er mikið stuð.“



**Agnes Björt Andradóttir**  
tónlistarkona

### Brúðkaupsundirbúningur

„Ég ætla að leggja lokahönd á brúðkaupsgjöfina sem ég hef verið að fönndra seinustu daga. Ég fer í brúðkaup á laugardaginn með góðum vinum.“

Gefðu gjöf sem skiptir máli

## HREINT VATN BJARGAR MANNSLÍFUM



Hjálparstarf  
kirkjunnar

### ÞINN STUÐNINGUR GERIR KRAFTAVERK

Aðgangur að hreinu vatni er ekki sjálfgefinn. Hjálparstarf kirkjunnar gerir fólki kleift að byggja brunna í Afríku – og þitt framlag skiptir sköpum.

Þú getur hjálpað núna með því að greiða valgreiðslu í heimabanka.

#### EINNIG:

- Frjálst framlag á [framlag.is](http://framlag.is)
- Gjafabréf á [gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is)
- Styrktarsími: 907 2003 (2.500 kr.)
- Söfnunarreikningur: 0334-26-886, kt. 450670-0499



actalliance

**fti.**

Félag tæknifólks í rafiðnaði

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn **miðvikudaginn 30. apríl kl. 16** í húsnæði Rafiðnaðarsambandsins að Stórhöfða 31

### Dagskrá

Skýrsla stjórnar  
Samþykkt reikninga  
Kosningar í trúnaðarstöður  
Önnur mál

Reykjavík 16. apríl 2014.

Stjórn Félags tæknifólks í rafiðnaði

[www.rafis.is/fti](http://www.rafis.is/fti)

# Kraftmikil og góð verk

Það kennir ýmissa grasa á Útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands sem verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag. „Eitthvað fyrir alla,“ segir sýningarstjórinn en til dæmis eru sérhæfð útfararþjónusta, harðkjarnaskopparabolti og skartgripir úr ryki meðal verka á sýningunni en 65 nemendur taka þátt.

Álfrún Pálsdóttir  
alfrun@frettabladid.is

„Þetta er ótrúlega flott sýning og allt eru þetta frábærir listamenn sem nú eru að útskrifast,“ segir Anna Hrund Másdóttir, annar sýningarstjóri Útskriftarsýningar Listaháskóla Íslands sem verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag.

Þar sýna 65 útskriftarnemur á BA-stigi í myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild afrakstur þriggja ára krefjandi náms. Anna Hrund segir sýninguna einstaklega fjölbreytta í ár.

„Það eru kraftmikil og góð verk sem sameinast á þessari sýningu. Við Ingibjörg Sigurjónsdóttir, sem er sýningarstjóri með mér, höfum fylgst með þessum verkum

þróast frá því í byrjun árs og haft gaman af,“ segir Anna Hrund en þær hafa verið önnur kafnar við að þúsla verkunum saman í eina heild í Hafnarhúsinu.

„Það er gaman fyrir okkur og þau að sjá verkin breytast þegar þau koma inn í þetta rými og við hlið annarra verka. Þá gerast áhugaverðir hlutir en það má segja að það sem sameinar verkin sé að aðferðin og leiðin að lokaútkomunni er oftast ekki í fokus.“ Meðal þess sem er til sýnis í Hafnarhúsinu eru harðkjarnaskopparaboltar, klingjandi skólabbjöllur og endurgerð á andláti heimspekings frá myndlistardeildinni, skordýr sem umbreytast í mannamat og skartgripir úr ryki hjá vöruhönnunarnemum og íslenski draumurinn hjá arki-

**HVAD?** Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands.

**HVAR?** Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

**HVENÆR?** Opnuð kl. 14 í dag og stendur yfir í tvær vikur.

tektúrnum. Þá verða fatalínur fatahönnunarnema til sýnis sem og nýjar leturgerðir og sérhæfð útfararþjónusta hjá grafískum hönnuðum.


Útskriftarsýning vekur alltaf verðskuldaða athygli og fær gríðarlega aðsókn en um fjórtán þúsund manns leggja leið sína í safnið á þeim tveimur vikum sem sýningin er opin.

„Það er svo sannarlega eitthvað fyrir alla á sýningunni.“

alfrun@frettabladid.is



→ Harðkjarna skopparaboltar, klingjandi skólabbjöllur, skordýr sem breytast í mannamat, skartgripir úr ryki og sérhæfð útfararþjónusta er meðal þess sem er til sýnis á árlegri Útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands.





# SUMMAR HIATTIÐ

GLEÐILEGT  
SUMAR



Helgartilboð

Sýpris

999 kr

1.990 kr

## Dagskrá í dag

Húsasmíðjan og Blómavali  
Skútuvogi kl. 13-16

- Andlitsmálun fyrir börnin  
Frá Sirkus Íslands
- Ókeypís ís fyrir börnin

## Lærðu að rækta matjurtir.

Kynning í dag í Skútuvogi.

Gómsætt úr garðinum

Höfundar kynna  
í dag nýttkomna  
handbók Blómavals  
um ræktun matjurtar.



Kynningarverð

1.490 kr

1.990 kr

Útsæði 5 kg

999 kr

1.399 kr

Gullauga, Helga, Premier  
og rauðar íslenskar

Úrvalsmold  
45 ltr

799 kr

999 kr

Vorlaukar

30%

afsláttur

Mosæyðir

3.990 kr

5.290 kr

Stórar rósir  
10 sík

1.990 kr

2.990 kr

Strákústur

899 kr

1.379

Ruslapokar

699 kr

25 sík.

Hekklippur

2.995 kr

4.995

Laufhrifa

995 kr

1.295

Kantskeri

2.495 kr

3.995

Hekklippur

9.995 kr

TEXAS EH550

Texas hekklippur EH550

550W  
51 cm blað  
20 mm klippigeta  
5083600

Gasgrill Solo

32.900 kr

32.900

Sunset Solo 3

Grillflötur: 628x406mm  
3 ryðfríir brennarar, 9,67 kW  
3000393

5044457

2600568

5084774

5084343

5084405



Author Vectra

Evrópsk gæði

Author Vectra

32.900 kr.

Reiðhjól 26"

Reiðhjól Vectra  
18 girar Shimano Revoshift.  
3899998



blómavali



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956





#### 150 Fengu Ferðastyrk Vildarbarna Icelandair

Tuttugu og fimm börnum og fjölskyldum þeirra, samtals um 150 manns, var afhentur ferðastyrkur úr sjóðnum Vildarbörn Icelandair sumardaginn fyrsta, 24. apríl síðastliðinn. Alls hefur því 456 fjölskylda notið stuðnings frá sjóðnum frá stofnun hans. Þetta er 22. úthlutun sjóðsins og ellefta starfsár hans.

Starfsemi Vildarbarna Icelandair byggir á hugmyndum og starfi Peggy Helgason, eiginkonu Sigurðar Helgasonar, sem lengi var forstjóri Flugleiða og nú stjórnarformaður Icelandair Group, en Peggy hefur um árabíl unnið sem sjálfboðaliði á barnadeildum sjúkrahúsa í Reykjavík og stutt fjölskyldur fjölda

veikra barna með ýmsum hætti. Hún situr í stjórn Vildarbarna Icelandair og er Sigurður formaður stjórnarinnar. Verndari sjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrirverandi forseti Íslands.

Icelandair þakkar aftur fyrir veittan sem og áframhaldandi stuðning og gleðst yfir því að senda þessar fjölskyldur í draumaferðina sína.

Það er auðvelt að gerast Vildarvinur – allar upplýsingar er að finna á [www.vildarborn.is](http://www.vildarborn.is)











**SAMRÝNDAR MÆÐGUR**  
Hlédis er þakklát fyrir dóttur sína í dag og þann stuðning sem þær mæðgur hafa fengið.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Berst af krafti fyrir dóttur sína

**Hlédis Sveinsdóttir** vill opna viðkvæma umræðu um afskiptalaus feður og ójafnrétti í foreldraferfinu. Hún fór frá því að vera sjálfstæður atvinnurekandi í Reykjavík í það að vera einstæð móðir á Akranesi á stuttum tíma en sér ekki eftir neinu.

**Snærós Sindradóttir**  
snaeros@frettabladid.is



**H**lédis Sveinsdóttir birti á dögunum opið bréf til afskiptalausra feðra sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Bréfið er skrifað af því tilfelli að í þrjú ár hefur Hlédis reynt að setja sig í spor þeirra sem ekki kæra sig um börn sín. Hún á þriggja ára stúlku, Sveindís, sem hún elur upp án afskipta föður stúlkunnar. „Mér finnst betra að tala opin-skátt um málin. Þannig afgreiði ég hlutina betur,“ segir Hlédis. „Ég er búin að fá svo gígantísk viðbrögð við bréfinu, pósthólfir eru fullt og öll skilaboðin falleg. Ég hef verið að fá skilaboð frá alls konar fólki, pöbbum og mömmum, öfum og ömmum. Ég átti ekki von á því. Ég held að þetta sé í alvörnunni tabú sem samfélagið þarf að takast á við. Málið snertir alveg innsta þráðinn hjá svo mörgum og það er erfitt að tala um þetta.“

## Ekki skipulagt í Excel

Hlédis rak ísbúð í Reykjavík þegar Sveindís kom undir. Þegar hún tilkynnti föðurnum um þungunina sagðist hann ekki ætla að koma að uppeldi dóttur sinnar að neinu leyti. „Mér leið eins og ef það væri eitt hvert vit í heiminum þá ætti hann að vera óléttur. Misskiptingin var svo augljós. Mér leið eins og valið væri um að deyða föstur eða særa fjölskyldu hans helsári. Fóstureyðing er ekki alltaf sjálfsgagt val, þetta er ekki eins og að fjarlægja grunsamlegan fæðingarblett. Líkamlega er þetta reyndar oftast ekki mikil aðgerð, en það er bara svo miklu meira sem spilar inn í. Ég er ekki viss um að feður geti sett sig fullkomlega í spor mæðra þarna.“ Hún segist vilja vera heiðarleg við dóttur sína og sýna henni að hún barðist fyrir hana. „Okkar fortíð er ekkert verri fyrir vikið þó ég hafi ekki ætlað mér að eiga hana. Hún er alveg jafn dásamleg og allra þeirra sem voru komnir með Excel-skjal og vögguna tilbúna. Sveindís er dásamleg og mig skortir orð yfir því hvað ég er þakklát fyrir að eiga akkúrat þetta fallega og vel gerða barn.“

## Dóttirin hætt komin í fæðingu

Fæðing Sveindísar gekk vægast sagt illa, „Hún dó í raun tuttugu mínútum áður en hún fæddist. Ég var sett af stað og það var staðið illa að því. Þetta var skelfileg fæðing, það voru rúmlega 20 sekúndur á milli hríða og mikil oförvun í legi. Hún fæðist klukkan hálf sjö um kvöldið en frá ellefu um morguninn var þetta orðið ógeðslegt, ég var hætt að geta talað og svona. Það er ótrúlegt að hún hafi fæðst lifandi.“ Sveindís hlaut frumudauða í heila við fæðinguna en það er kraftaverki líkast hve vel henni gengur í dag. „Þarna var hún heilalömuð í kassa og ég var í miðju sorgarferli. Ég var nýbúin að sjá ljótar myndir af heilanum í henni og var bara búin að ákveða að þetta gæti ekki farið vel.“

## Bowen var óundirbúið kraftaverk

„Vinkona mín er bowen-tækni og var búin að lofa að koma og gera á henni bowen þegar hún fæddist. Hún kom ekki til að gera neitt kraftaverk. Þegar hún er búin fer ég fram til að kveðja hana í aðstandendaherberginu. Þegar ég kem aftur inn var Sveindís búin að rífa úr sér sonduna og var öll á iði. Mín fyrstu viðbrögð voru að það væri búíð að færa barnið og þetta væri annað sem væri komið í staðinn.“ Hlédis trúði ekki að dóttir hennar væri vöknud, „Ég byrjaði að vera reið því ég hélt að lækarnir hefðu gefið henni adrenalín til að koma henni af stað. Þeir skildu heldur ekkert í þessu. Ég fattaði einhvern veginn ekki að gleðjast yfir þessu fyrr en ég segi við lækna: „Vinkona mín var hérna að gera bowen,“ og þeir bara: „Af hverju sagðirðu það ekki?“ Hún segir að lækna og ljósmæður hafi verið jákvæð gagnvart óhefðbundnu lækningunum. „Lækna og lyf björguðu lífi hennar en lífsgæði hennar á ég að þakka bowen-tækni og höfuðbeina- og spjaldhryggsgjöfnun. Ég ætla ekki að segja að þetta sé einhver alheimslækning en svo virðist sem þessi tækni virki rosalega vel á lítill börn.“

## Fyrirmyndar afi og amma

Föðurfórelrar og föðursystkini Sveindísar hafa ekki leitað eftir því að umgangast stúlkuna. Ömmusystir Sveindísar hafði þó óvænt samband fljótlega eftir að hún fædd-


ist. „Þegar hún var pínulítill fékk ég Facebook-skilaboð frá konu sem heitir Guðný Stefánsdóttir og var úti í Kúala Lúmpúr, það var fyrsti ættingi Sveindísar föðurmegin sem setti sig í samband við okkur.“ Hún segir bréfið hafa verið fallegt og á réttum forsendum. Guðný sagðist hafa heyrt af tilvist frænku sinnar, slysinu í fæðingu og vissi forsendur föður hennar. „Það finnst mér svo ótrúlega heilbrigð og falleg nálgun,“ segir Hlédis. „Ég þurfti ekkert meira en ósk um velfarnað henni til handa og að hún væri boðin velkomin í heiminn. Ég var ekkert að fara fram á flugeldasýningu og var alveg meðvitað um að forsendur væru ekki bara sárar fyrir mig.“ Á milli Sveindísar og ættingja hennar hefur því myndast fallegt ömmu- og afasamband „Guðný amma og Aggi afi, auk fjölskyldu þeirra, stigu fram og buðu dóttir minni ást og umhyggju skilyrðislaust. Þarna mættu fleiri taka sér þau til fyrirmyndar. Þau eru svo ástrík og umhyggjusöm og sambandið þeirra á milli er gegnheilt og fallegt. Ég get ímyndað mér að blóðafi hennar og amma séu þakklát fyrir að aðrir hafi stigið inn í þeirra hlutverk á meðan þeim finnst þau ekki hafa rými fyrir hana í sínu lífi.“

## Spyr stundum um pabba

Sveindís litla fór fljótlega að forvitnast um pabba sinn þrátt fyrir að vera alin upp án föðurímyndar, „Ég var búin að ímynda mér að hún myndi byrja að spyrja svona níu ára og þá væri ég með rúllurnar í hárinu og sjerríglas í annarri og myndi segja: „Hei, elska, það er nú soldið sem ég þarf að segja þér,“ en svo var baba fyrsta orðið sem hún sagði. Ótrúlega magnað. Ég gat ekki annað en hugsað: „Þú hefur kaldhæðnina frá mömmu þinni.“

Fjölskyldu Sveindísar hefur alltaf staðið til boða að nálgast hana. „Ég hef kyngt bílförnum af stolti og valdi að gera það frá degi eitt. Ég vildi gera þetta á vitrænan hátt í ómurlegum aðstæðum. Þetta snýst ekki um mig eða hann og þetta er svo einfalt ef fólk heldur fókus. Hagsmunir barnsins hljóta að skipta mestu máli.“

## → Faðernismál sem afgreidd voru hjá Sýslumanni í Reykjavík:



Í þessum tilfellum eru foreldrar ekki í sambúð og faðir þarf þá að skrifa undir faðernisviðurkenningu hjá sýslumanni. Móður er samkvæmt lögum skylt að feðra barn.

## jöfnuður á milli foreldra

Hlédis skrifaði opna bréfið til afskiptalausra feðra til að opna á umræðu í samfélaginu. „Þetta bréf sem ég skrifa er ekki til barnsföður míns heldur til samfélagsins.“ Hún segir að fólk verði að setja eigin tilfinningar á ís þegar börn eru annars vegar og leyfa þeim að njóta vafans. „Þegar barn er komið undir þýðir ekkert að vera með einhverjar ásakanir. Þá skiptir engu máli hver klúðraði pillunni eða hver var með ónýtan smokk. Og í rauninni heldur ekki hver sagði ekki að hann væri giftur. Það eina sem skiptir máli er þetta litla barn.“

Hún segir að kerfið sé líka ósanngjarn fyrir feður sem gjarnan vilja eiga í samskiptum við börn sín en verða fyrir tálmunum af hendi móður. „Kerfið stendur ekki með feðrum heldur eins og varðandi lögheimilið. Af hverju er ekki bara hægt að skipta því jafnt? Mér finnst ótrúlega mikið um það að fólk láti reiði sín á milli bitna á barninu.“ Hlédis segist skilja að feður upplifi líka ranglæti þegar barn kemur undir við óheppilegar aðstæður, „Það sem þeir kannski átta sig ekki á er að margar mæður upplifa það líka. Okkur líður ekkert eins og við höfum val. Eiga feður að geta friað sig ábyrgð á barni og meðlagsgreiðslum ef þeir vilja að móðirin fari í fóstureyðingu? Þetta eru spurningar sem hver og einn verður að svara fyrir sig. Þetta er ekkert einfalt eða auðvelt, en það er lífið ekki heldur – og á ekkert að vera það.“



→ 29 faðernismál fóru fyrir dóm á landinu árið 2013. Ekki hafði tekist að leysa þau mál hjá sýslumanni.

## Með gullpálmann í höndunum

Hlédis og Sveindís búa í litlu húsi á Akranesi en Hlédis segir að leikskólinn þar hugsi sérstaklega vel um dóttur sína. „Ég vona bara að hún verði hamingjusöm og ég held að það sé það sem allir foreldrar óski sér. Ég get ekki komið orðum að því hvað mér finnst ég vera lán-söm. Mér fannst ég vera send með hana til heljar en svo á ég barn sem var að koma úr skíðaferðalagi. Ég get ekki kvartað.“

Hlédis er þakklát fyrir þann stuðning sem hún hefur fengið en líka fyrir þá ást sem hún ber til Sveindísar. „Sveindís skortir nákvæmlega ekki neitt. Hún á dásamlegt tengslanet en mig langar samt til að samfélagið geti orðið betra. Ég held að svona hunsun sé ekki til þess fallin að auka hamingju samfélagsins.“ Hún og dóttir hennar eru báðar með sama keppnissskapið. „Mér þótti bara vænna og vænna um kúluna eftir því sem baráttan varð meiri og ég hertist upp. Mér leið eins og ég væri að berjast fyrir henni frá upphafi. Það þyrfti ekki að virkja Kárahnjúka ef það væri hægt að virkja foreldrahormónið. Þetta er sterkasta afl sem er til. Ég er ótrúlega þakklát fyrir að hafa fengið þá tilfinningu því ég held að hún sé ekki sjálfgefin og sérstaklega ekki í þessari stöðu,“ segir Hlédis að lokum.



# HONDA

The Power of Dreams

## PAR4 & 4X4

### HORFÐU Á HEILDARMYNDINA



#### HONDA CR-V KOSTAR FRÁ KR. 5.190.000

Hvort sem þú vilt sparneytni, rými og þægindi í golfið eða skynvætt fjórhjóladrif í snjóinn þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjeppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims áttunda árið í röð. Keyrðu Honda CR-V, betri 4x4 þegar á allt er lítið.

[honda.is/cr-v](http://honda.is/cr-v)



Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800, Bílver, Akranesi, sími 431 1985  
Höldur, Akureyri, sími 461 6020, Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535





# Vaxinn upp úr frægðarfíkninni

**Hilmir Snær Guðnason** steig á svið í gærkvöldi í sinni síðustu frumsýningu í Þjóðleikhúsinu. Hann leikur John Proctor í Eldrauninni eftir Arthur Miller, eitt af þremur aðalhlutverkum verksins. Í haust verður hann á sviði Borgarleikhússins, bæði sem leikari og leikstjóri. Hann segist hætta að sækjast eftir athygli, nú séu það verkin og samstarfsfólkið sem máli skipti.

**M**orgunn frumsýningardags er ekki óskatími fyrir leikara að mæta í viðtal en Hilmir Snær Guðnason er samt ljúfmennskan sjálf þegar hann mætir á Gráa köttinn nývaknaður og hræddur um að hann sé að veikjast, sem verður að teljast afar óheppileg tímasetning. Er það kannski frumsýningarskrekurinn sem er að kíkka inn? Finnur hann enn fyrir honum?

„Maður vex aldrei alveg upp úr honum, en hann verður minni og minni með tímanum. Maður er þó alltaf með dálítinn fiðring fyrir sýningar, ekkert bara frumsýningar, það er eitthvað sem breytist aldrei, held ég.“

Hilmir Snær leikur John Proctor, eitt af aðalhlutverkunum í Eldrauninni sem hann segir vera gott hlutverk í velskrifuðu verki sem eigi alltaf erindi. „Þetta er eitt af þessum „well made plays“ og alveg æðislega vel upp byggt. Við stytum það reyndar mjög mikið og færum nær okkur í tíma enda eru nornaveiðar ekki tímabundnar og skjóta alltaf upp kollinum aftur og aftur. Manneskjan er nú bara ekki þroskaðri en það, því miður.“

## Hlakkar til að vinna með „hinum“

Proctor verður síðasta hlutverk Hilmis Snæs í Þjóðleikhúsinu, allavega í bili eins og hann orðar það, því hann hefur skrifað undir samning við Borgarleikhúsið og hefur störf þar í ágúst. Hvað olli því að hann ákvað að skipta um vinnustað? „Samningar eru gerðir í eitt ár í senn og það veldur því að það verður ekki til einhver ævarandi hollusta við ákveðna stofnun. Það eru spennandi verkefni fyrir mig í Borgarleikhúsinu, bæði í leik og leikstjórn, og eftir að hafa skoðað málið og rætt við Tinnu Þjóðleikhússtjóra um hvað væri í boði fyrir mig þar á næsta leikári ákvað ég að færa mig yfir. Allt í

besta bróðerni. Það er alltaf gott að breyta til og ég hlakka mikið til að fara að vinna með „hinum“ hópnun.“

Hilmir Snær útskrifaðist sem leikari árið 1994 og hefur síðan verið í hverju stórhlutverkinu á fætur öðru, bæði í leikhúsi og bíómyndum – hefur hann aldrei orðið þreyttur á að leika og langað til að fara að gera eitthvað allt annað? „Jú, jú, mér hefur oft dottið það í hug. Og á tímabili fór ég í frí frá leiklistinni, fór að smíða glugga og svo aðeins á sjóinn. Var alveg frá í átta mánuði og það var alveg nóg til þess að kveikja neistann aftur. En ég tek mér aftur pásu ef hann hverfur. Meðan neistinn lifir í manni er bara svo gaman að þessu að maður vill ólmur leggja sitt af mörkum.“

## Ágætt að hvíla fólk

Á þessum tuttugu árum eru hlutverkin orðin ansi mörg og Hilmir Snær viðurkennir að hann hafi ekki tölu á hlutverkunum sem hann hefur leikið. Hvernig hefur hann sloppið við að festast í einhverri ákveðinni tegund hlutverka? „Ég hef sem betur fer ekki lent í því, þetta eru allt töluvert ólík hlutverk, en ég hef samt heldur ekki fengið að leika einhverja mjög óvanalega karaktera. Sum hlutverkin eru kannski líkari en önnur en svona heilt yfir hefur þetta verið mjög fjölbreytt.“

Á tímabili var varla gerð bíómynd á Íslandi án þess að Hilmir Snær léki í henni, en hann segir mikið hafa dregið úr því í seinni tíð. „Ég er reyndar í Borgríki II sem verður frumsýnd í október en annars hef ég voða lítið verið í bíómyndum síðustu árin. Það er líka bara ágætt að hvíla fólk á manni. Ég varð stundum var við það í gamla daga að fólk fannst ég vera í of mörgum bíómyndum en eftir þetta hlé fer kannski að koma tími á það aftur.“

Í stað bíómyndaleiksins hefur Hilmir Snær snúið sér æ meira



**LIFAD MEÐ UMTALINU** Þeir sem eru nokkurs konar þjóðareign verða að reikna með því að kjaftað sé um þá. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að leikstjórn, leikstýrði nú síðast Pollock? og Spamalot í Þjóðleikhúsinu. Var það alltaf draumur að leikstýra jafnframt því að leika? „Nei, alls ekki, það ætlaðist bara þannig. Ef ég á að vera alveg heiðarlegur þá hugsaði ég ekki um sjálfan mig sem leikstjóra í fyrstu sýningunum sem ég stýrði, ég hugsaði alltaf um mig sem leikara. Ég var búinn að setja upp fimm til sex sýningar þegar ég fór að líta á mig sem leikstjóra. Núna lít ég eiginlega á mig sem jafn mikinn leikstjóra og leikara og langar alltaf að gera hvort tveggja. Það er líka mjög lærdómsríkt fyrir mig sem leikara að vera í leikstjórnastólnum hinum megin við borðið. Maður sér galla sína sem leikara endurspeglast í öðrum og lærir betur á sjálfan sig.“

Spurður hvort hann langi ekki að leika aðalhlutverkið í leiksýningu sem hann leikstýrir sjálfur skellir Hilmir Snær upp úr. „Nei, ekki enn þá. Ég held að það sé mjög erfitt að gera það almennilega og ég held líka að menn sem gera það séu algjörlega óþolandi. Að leikstýra heilli leiksýningu út frá sjálfum sér og raða öðrum leik-

urum sem statistum í kringum sig held ég að kunni ekki góðri lukku að stýra. Reyndar fann ég um daginn í gömlum pappírnum leikrit sem ég hafði samið fyrir skólasýningu í tólf ára bekk og þar var kyrfilega tilgreint að höfundur, leikstjóri og leikari væri Hilmir Snær Guðnason, þannig að það má kannski segja að ég hafi tekið þann pakka út fyrst.“

## Hættur að nærast á athyglinni

Eins og þessi saga ber með sér var Hilmir Snær ákveðinn í því að verða leikari frá unga aldri og segir annað eiginlega aldrei hafa komið til greina. Spurður hvort hluti af því vali hafi helgast af fíkn í athygli, hummar hann dálítið en viðurkennir svo að jú, jú, auðvitað hafi það átt einhvern þátt í starfsvalinu. Hann sé þó löngu vaxinn upp úr því að nærast á athygli. „Það er varla hægt að tala um að fólk sé stjórnað á Íslandi, fólk þekkir okkur kannski betur en aðra og einstaka sinnum hef ég verið beðinn um eiginhandararitun en það er ekkert sem hefur truflað mig. Á árum áður gekkst maður kannski upp í því að

vera þekktur en núna er ég alveg rólegur yfir því þótt ekki sé verið að hylla mig endalaust og er ekkert mikið að sækjast eftir því. Það er smá frægðarfíkn í manni þegar maður er ungur en það er ég ekki lengur og stjórnað ekki af löngun í athygli. Nú eru það miklu frekar verkefni, hversu krefjandi þau eru og hverjir eru að vinna með þér sem skiptir manni máli.“

Einn fylgifiskur frægðarinnar eru kjaftasögur og Hilmir Snær hefur ekki farið varhluta af þeim á þessum tuttugu árum sem hann hefur verið í sviðsljósinu. Hefur það ekkert truflað hann? „Nei, nei, ekki mikið. Þær eru nú sumar verðskuldaðar þótt aðrar séu auðvitað úr lausu lofti gripnar. Og ég geri mér líka grein fyrir því að þegar maður er orðinn nokkurs konar „þjóðareign“ þá verður bara að reikna með því að það sé kjaftað um mann. Ef maður ætlar ekki að lifa í einhverjum felum þá er ekkert annað að gera en að taka því bara. Þetta er eitthvað sem maður þarf að lifa með og helst að láta þroska sig. Svona þykist ég nú vera orðinn fullorðinn og þroskaður.“

## Eldraunin eftir Arthur Miller


Eldraunin eftir Arthur Miller er eitt þekktasta leikrit tuttugustu aldarinnar. Það var frumsýnt á Broadway árið 1953 og hlaut það ár Tony-verðlaunin sem besta leikrit ársins.

Sögulegur bakgrunnur leikritsins er galdramálin í þorpinu Salem í Massachusetts árið 1692, en Miller skrifaði verkið með hliðsjón af þeim ofsóknum sem fjöldi fólks í Bandaríkjunum mátti þola á sjötta áratug síðustu aldar þegar fulltrúar yfirvalda lögðu ofurkapp á að fletta ofan af starfsemi kommúnista í landinu.

Frumstýnt 25. apríl 2014 á Stóra sviði Þjóðleikhússins.



**ELDRAUNIN** Hilmir Snær og Margrét Vilhjálmsdóttir leika hjónin John og Elizabeth Proctor.



FÉLAG  
RAFEINDAVIRKJA  
STOFNAD 1993

## AÐALFUNDUR Félags Rafeindavirkja

Aðalfundur Félags Rafeindavirkja verður haldinn þriðjudaginn 29. apríl 2014 kl. 17:30 á Stórhöfða 27, gengið inn Grafarvogs megin.

### Dagskrá:

- Joseph T. Foley aðstoðarprófessor við Háskólann í Reykjavík kynnir Raspberry Pi örgjörva.
- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Lagabreytingar.
- Kosning fulltrúa á ársfund Stafa lífeyrissjóds.
- Önnur mál.

Reykjavík 8. apríl 2014

Stjórn Félags Rafeindavirkja



# MASTERLINE

Professional Beauty



Masterline Body er ítölsk húðlína innblásin af straumum og stefnum úr snyrtivöruheiminum. Áhersla er lögð á mild innihaldsefni til að viðhalda þinni líkamsfegurð. Njóttu þess að meðhöndla húð þína með Masterline, því heilbrigð húð skiptir máli.

Notalegur ilmur og mjúk áferð  
Án parabena

[www.master-line.eu](http://www.master-line.eu)


Made in Italy

Fæst í apótekum og Hagkaup





## FYLGI FLOKKANNA




## → Ef gengið yrði til kosninga nú myndu bæjarfulltrúarnir skiptast jafnt

Framboðin þrjú sem bjóða fram í Fjarðabyggð fengju þrjá bæjarfulltrúa hvert yrði gengið til kosninga nú samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins. Framsóknarflokkurinn bætir við sig manni frá því sem nú er á kostnað Sjálfstæðisflokksins, en Fjarðalistinn myndi halda sínum hlut samkvæmt könnuninni.

Samkvæmt könnuninni tapar Sjálfstæðisflokkurinn talsverðu fylgi frá kosningunum 2010 þegar 40,3 prósent greiddu honum atkvæði. Flokkurinn nýtur engu að síður mests fylgis af framboðunum þremur, og fengi 32,5 prósent atkvæða. Stuðningur við Framsóknarflokkinn hefur aukist lítillega, og fengi hann 31,7

prósent atkvæða samkvæmt könnuninni. Fjarðalistinn tapar fylgi, og fengi 28,7 prósent atkvæða yrði gengið til kosninga nú. Aðrir flokkar hafa ekki boðað framboð í Fjarðabyggð, og því vekur athygli að 7,1 prósent þátttakenda í könnun Fréttablaðsins segist ætla að kjósa annan flokk.



**Aðferðafraeðin** Hringt var í 755 manns þar til náðist í 607 samkvæmt lagskiptu úrtaki þann 23. apríl. Svarhlutfallið var 80,4 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegast að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafraeði sem þróuð var á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 61,9 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

# Framboðin jafnstór í Fjarðabyggð

Meirihluti Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks heldur velli í Fjarðabyggð samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Mikill árangur í lækkun skulda. Almenningsamgöngur og vegstæði við nýjan leikskóla í Neskaupstað eru helstu ágreiningsefni.

Sveinn Arnarsson  
sveinn@frettabladid.is



Fjarðabyggð er sameinað sveitarfélag nokkurra þéttbýlisstaða á Austfjörðum; Neskaupstaður, Eskifjarðar, Reyðarfjarðar, Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. Í sveitarfélaginu bjuggu 4.675 íbúar í upphafi árs og á kjörskrá í komandi sveitarstjórnarkosningum verða 3.362.

Fjöldi íbúa síðustu ár fór hæst upp í rúm 5.700 árið 2007, þegar framkvæmdir stóðu sem hæst við uppbyggingu álverksmiðju Alcoa á Reyðarfirði. Síðan þá hefur íbúafjöldi náð jafnvægi og sjást merki þess að íbúum fjölgi jafnt og þétt í Fjarðabyggð.

Þrjú flokkar eiga sæti í bæjarstjórn Fjarðabyggðar. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn mynda sex manna meirihluta gegn þremur fulltrúum Fjarðalistans. Þessi framboð bjóða ein fram aftur og ekki eru líkur á því að nýtt framboð skerist í leikinn á síðustu metrunum. Ekki er breyting á oddvitum framboðanna. Elvar Jónsson, Jens Garðar Helgason og Jón Björn Hákonarson leiða aftur sína lista.

## Meirihlutinn heldur velli

Flokkarnir þrjú fá allir þrjú menn kjörna samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Í síðustu kosningum fengu Sjálfstæðismenn fjóra menn, Fjarðalistinn þrjú og Framsókn tvo. Fjórdi maður Sjálfstæðisflokksins flyst því yfir á Framsóknarflokkinn og meirihlutinn heldur velli samkvæmt skoðanakönnuninni.

Samkvæmt könnuninni eru öll framboðin nánast jafnstór. Fimm karlar og fjórar konur taka sæti í nýrri bæjarstjórn verði þetta niðurstöður kosninga.

## Lækkun skulda gengið vel

Kjörtímabilið sem nú er á enda hefur að mörgu leyti gengið vel í Fjarðabyggð. Skuldir sveitarfélagsins voru miklar í upphafi kjörtímabilsins og einhentu flokkarnir sér í sameiningu við að ná niður skuldum. Meirihluti og minnihluti hafa unnið saman að því markmiði og árangurinn eftir því. Í byrjun árs 2014 hefur skuldaviðmiði Fjarðabyggðar komist niður í 167% en árið 2011 var skuldaviðmiðið rúmlega 220%.

Allir flokkar hafa lagst á eitt við lækkun skulda. Lykilþátturinn hafi verið pólitískur stöðugleiki í bæjarstjórn þar sem minnihlutinn hafi ekki staðið á móti þessu verkefni heldur þvert á móti lagt sín lóð á vogarskálarnar.

## Vegstæði og strætó

Þótt samvinna allra flokka hafi að mestu gengið vel eru oddvitar allra framboða á því að um tvennt hafi ekki ríkt eining í bæjarstjórn. Það fyrra varðar almenningsamgöngur innan sveitarfélagsins og gjaldskrá þess efnis. Minnihlutinn lagði ríka áherslu á að allt sveitarfélagið væri eitt gjaldsvæði. Raunin er sú að íbúar greiða ólíkt gjald eftir því hvar þeir búa innan sveitarfélagsins. Flokkarnir tókust á hvað þetta varðar og vildi minnihlutinn meina að þarna væri um grófa mismunun að ræða eftir búsetu. Þessari gagnrýni hafnaði meirihlutinn á sínum tíma og benti á það mikla framfaraskref að hafa komið á almenningsamgöngum innan sveitarfélagsins.

Það síðara sem oddvitar eru sammála um að hafi ekki verið sameining um, er vegalagning við nýjan átta deilda leikskóla í Neskaupstað. Minnihlutinn lagði áherslu á að færa veginn niður fyrir leikskólann þannig að hann myndi ekki liggja milli leikskóla og grunnskóla. Málið

## FRAMBOÐSLISTAR Í FJARÐABYGGÐ

### Fjarðalistinn

1. sæti Elvar Jónsson skólameistari í Neskaupstað
2. sæti Eydis Ásbjörnsdóttir hársnyrtmeistari á Eskifirði
3. sæti Esther Ösp Gunnarsdóttir kynningarstjóri á Reyðarfirði
4. sæti Einar Már Sigurðarson skólastj. og fyrrv. alp.m. í Neskaupstað og á Fáskrúðsfirði



### Framsóknarflokkurinn

1. sæti Jón Björn Hákonarson forseti bæjarstjórnar, Norðfirði
2. sæti Eiður Ragnarson viðskiptafulltrúi, Reyðarfirði
3. sæti Pálína Margeirsdóttir verslunarmaður, Reyðarfirði
4. sæti Hulda Sigrún Guðmundsdóttir skólalíði, Fáskrúðsfirði



### Sjálfstæðisflokkurinn

1. sæti Jens Garðar Helgason bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri Fiskimiða.
2. sæti Valdimar O. Hermannsson bæjarfulltrúi og rekstrarstjóri HSA.
3. sæti Kristín Gestsdóttir ráðgjafi innkaupa hjá Alcoa Fjarðaáli.
4. sæti Dýrunn Pála Skaftadóttir stöðvarstjóri Olís.



væri í senn öryggismál og skólamáli þar sem meiri samlegð gæfist með því að hafa ekki veg á milli bygginganna. Meirihlutinn taldi ekki vera fjármagn til þess að færa veginn niður fyrir leikskólann og einnig að pláss væri ekki til staðar.

## Skuldalækkun stóra málið

Að mati Jens Garðars Helgasonar, oddvita Sjálfstæðismanna, verður áframhaldandi aðhald í rekstri og lækkun skulda stóra málið í komandi kosningum. „Mikill árangur hefur náðst í lækkun skulda og það verkefni mun halda áfram á næsta kjörtímabili. Nú hefur kannski gefist ákveðið svigrúm til gjaldlækkana og framkvæmda á vegum sveitarfélagsins. Þegar bæjarsjóður er ekki ofhaldinn af peningum eru hlutir sem sitja á hakanum. Viðhald vega er til að mynda verkefni sem þarf að einhenda sér í.“

Um skipulag við nýjan átta deilda leikskóla í Neskaupstað segir Jens Garðar að forgangsmálið hafi verið það að koma á átta deilda leikskóla. Ekki hafi verið svigrúm innan fjárhagsramma að færa veginn.

Elvar Jónsson, oddviti minni-

hlutans í Fjarðalistanum, segist vona að kosningabaráttan muni snúast um félags-, fræðslu- og húsnæðismál. „Fjarðalistinn er félagshyggjuafull, óháð stjórnsmálaöflum á landsvísu. Við viljum tryggja félagslegt réttlæti. Úrræða er þörf í félagsmálum almennt í sveitarfélaginu.“

Elvar segir það lykilatriði að íbúum sveitarfélagsins sé ekki mismunad. „Afstaða Fjarðalistans er skýr í þeim efnum. Allir íbúar sveitarfélagsins eiga að sitja við sama borð þegar kemur að gjaldtöku fyrir almenningsamgöngur. Kjósendum sem eru ósáttir hljóta að horfa til þess að tryggja þeim fulltrúum auknið vægi í bæjarstjórn sem hafa talað skýrt í þessum efnum.“

Jón Björn Hákonarson, oddviti Framsóknarflokksins, telur að árangur meirihlutans hvað varðar lækkun skulda á kjörtímabilinu verði kjósendum ofarlega í huga þegar gengið er að kjörborðinu.

„Stóra málið verður áframhaldandi aðhald í rekstri sveitarfélagsins. Bæjarsjóður stendur orðið ágætlega en áframhaldandi aðhalds er þörf. Öryggi vegfar-

## → Páll vonast eftir endurráðningu



PÁLL BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Páll Björgvin Guðmundsson, sem ráðinn var bæjarstjóri Fjarðabyggðar eftir sveitarstjórnarkosningum 2010, hefur hug á að halda áfram störfum fyrir sveitarfélagið.

„Sé um það almenn sátt innan nýrrar bæjarstjórnar er ég jákvæður fyrir því að sinna áfram starfi bæjarstjóra. Samskiptin við núverandi bæjarstjórn, bæði meiri- og minnihluta, hafa verið góð og árangur í rekstri og í verkefnum á vettvangi sveitarfélagsins verið mikill,“ segir Páll Björgvin.

enda á leið milli þéttbýlisstaða innan sveitarfélagsins verður eitt af stóru málunum, svokallaður Suðurfjarðarvegur er stórhættulegur og úrbóta er þörf.“



Vnr. 45060856  
ELHO blómapottar,  
margar stærðir og gerðir.  
Verð frá:

**595** kr.

Velkomin í  
Grænland

Vnr. 41121011  
Vökvunarkanna,  
plast, 8,5 l.

**845** kr.

# Grænland

BYKO BREIDD



Vnr. 55092144  
Friðarlilja.

**895** kr.



Vnr. 55092140  
Hortensia.

**1.495** kr.



Vnr. 55097011  
Gróður mold 6 l.

**345** kr.



Vnr. 55097046/51  
Skrautsteinar, hvítir  
eða svartir, 25 kg.

**3.195** kr.



Vnr. 54935115  
DAYE garðslanga,  
13 mm, 15 m.

**1.495** kr.



Vnr. 68398525  
Gardhanskar.

**795** kr.



Vnr. 55530513  
Blómahilla, hvít,  
45x73x92 cm

**9.995** kr.



Vnr. 55530514  
Blómakassi, hvítur  
90x51x101 cm.

**18.995** kr.



**Josera.**

JOSERA hágæða fóður, hefur mjög hátt kjöthlutfall. Kjöttið er 100% rekjanlegt frá sláturhúsi og er hæft til manneldis. JOSERA notar ekki hveiti, soja, mjólkurvörur eða sykurlitir í sínum vörum og þær eru framleiddar án litar-, bragð- og rotvarnarefna.

Vnr. 55530515  
Píramídi, hvítur  
60x60x45 cm.

**11.995** kr.



facebook.com/BYKO.is

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.





**CLEVELAND** TUNGUSÓFI  
Stærð: 232 x 144 H 87 cm.  
Svart bonded leður.  
Höfuðpúðar seldir sér.

**139.990**

FULLT VERÐ 169.990



**CLEVELAND** 3JA SÆTA SÓFI  
Stærð: 210 x 86H 87 cm.  
Slitsterkt grátt áklæði.

**84.990**

FULLT VERÐ 94.990



# SÓFAR FYRIR LIFANDI HEIMILI!

## LAGO HORNSÓFI MEÐ TUNGU

Stærð: 285 x 225 H 88 cm.  
Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði.  
Stillanlegir hnakkapúðar.

**399.990**

FULLT VERÐ 479.990

## LAGO SKEMILL

Stærð: 105 x 105 H 41 cm.  
Dökk- og ljósgrátt slitsterkt áklæði.

**84.990**

FULLT VERÐ 99.990

NÝ  
SENDING  
AF DÖNSKUM  
HÚSGÖGNUM



**LONDON** HORNSÓFI  
Stærð: 225 x 225 H 85 cm.  
Slitsterkt grátt áklæði.  
Eikargrind.  
Fæst einnig í svötu leðri.

**299.990**

FULLT VERÐ 359.990



**BRIGHTON** 3JA SÆTA SÓFI. Svart leður á slitflötum.  
Eikargrind. Stærð: 208x80 cm. H: 80 cm. Einnig fáanlegur  
2ja sæta leður og hornsófi. Einnig fáanlegur í gráu áklæði.

**289.990**

FULLT VERÐ 319.990



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

REYKJAVÍK | AKUREYRI



## ÍSLÆNSKIR ÁSTRÍÐUGLÆPIR

### HALLDÓRA OG EINAR

**1972**  
Halldóra og Einar kynna.

**1973**  
Trúlofunin opinberuð.

**1976**  
Flytja saman til Svíþjóðar.

**1977** | JÚLÍ  
Einar og Halldóra koma saman til Íslands í heimsókn.

**1977** | 31. JÚLÍ  
Einar fer einn til Svíþjóðar.

**1977** | 13. ÁGÚST  
Einar kemur til Seyðisfjarðar með Smyrli frá Bergen.

**1977** | 15. ÁGÚST  
Einar banar Halldóru með rússneskum riffli í Rauðhólum.



Á VETTvangi Lögreglumenn rannsaka Peugeot-bifreiðina sem Halldóra Ástvaldsdóttir var myrt í á afleggjaranum að Rauðhólum. Myndin birtist í Dagblaðinu.

# Harmleikur í Rauðhólum

Sumarið 1972 tókust ástir með tveimur 17 ára íslenskum unglingum. Trúlofunin var opinberuð tæpu ári síðar. Eftir því sem á leið fór fjölskylda konunnar að verða vör við ofríki mannsins en endalok sambandsins gat enginn séð fyrir. Þessi saga verður sögð á Stöð 2 annað kvöld.

Vendipunktur varð í lífi Halldóru Ástvaldsdóttur árið 1972. Þá kynntist hún ungum manni, Einari. Halldóra og Einar opinberuðu trúlofunina ári síðar og 1974 komu þau sér fyrir í íbúð við Njálsgötu. Vorið 1976 leigðu þau íbúðina út, héldu á vit ævintýranna, og fluttust til Svíþjóðar. Sumarið 1977 komu Halldóra og Einar í sumarfrí hingað til lands. Faðir Halldóru varð var við að ekki væri allt með felldu í sambúð unga fólksins. Móðir hennar sagði fyrir dómi að Halldóra hefði verið búin að fá nóg af Einari og hafi ákveðið að slíta trúlofuninni skömmu eftir heimkomuna. Einar hélt því einn aftur til Svíþjóðar. Þegar hann áttaði sig á því að Halldóra kæmi ekki aftur út til sín ók hann bifreið þeirra frá

Svíþjóð til Bergen og tók sér far með bílferjunni Smyrli til Seyðisfjarðar laugardaginn 13. ágúst 1977. Þegar Halldóra frétti að Einar væri væntanlegur til landsins sótti að henni mikill kvíði og hún gisti hjá vinkonu sinni. Þegar Einar kom til Reykjavíkur daginn eftir sótti hann stíft að Halldóru og vildi ræða um sambandsslitin. Halldóra hafði ráðið sig til vinnu í Nesti við Háaleitisbraut og mætti Einar þangað. Þar spurði hann hana hvenær vinnu lyki og svaraði hún að það væri um klukkan 23.30 en bætti við: „Já, en þú sefur ekki hjá mér í nótt.“ Einar gisti því hjá foreldrum sínum um nóttina. Næsta dag fyrir hádegi tók hann rússneskan riffil, sem hann átti geymdan í skáp í íbúð foreldra sinna, og kom honum fyrir í bifreið sinni ásamt pakka með skotum. Í bifreiðinni hafði Einar meðferðis

talsvert af fatnaði sem Halldóra átti og með þetta fór hann upp á Vatnsendahæð og flegði því þar í lækjarfarveg. Eftir að því var lokið keyrði Einar niður í Austurveg og sótti Halldóru í vinnuna. Halldóra settist upp í bílinn og var stefnan tekin út úr bænum og upp í Rauðhóla. Þar reyndi Einar að ræða við Halldóru um sambandið en hún vildi lítið um það tala. Einar fór út úr bílnum, tók riffilinn upp og hleypti af fjórum skotum á Halldóru. Eftir voðaverkið tók hann rakvélarblað sem hann hafði meðferðis og skar sig á puls. Að auki tók hann riffilinn, beindi honum að brjósti sér og hleypti af. Þegar lögregla og sjúkralið komu á vettvang var Halldóra látin og Einar særður við hlið hennar. Einar lifði af og í yfirheyrslu um kvöldið sagðist hann hafa tekið riffilinn og hlaðið hann með þeim

ásetningi að svipta Halldóru lífi. Hann hafi fengið Halldóru í ökuferðina til að ræða við hana en gert sér ljóst að það væri ekki til neins og því ætlað að drepa þau bæði. Í Sakadómi Reykjavíkur taldist Einar sakhæfur og var dæmdur í 16 ára fangelsi. Hæstiréttur mildaði dóminn um tvö ár og því hlaut hann á endanum 14 ára fangelsisdóm. Saga Halldóru verður umfjöllunarefni fyrsta þáttar af Íslenskum ástríðuglæpum á Stöð 2 annað kvöld klukkan 21.25. Hún var 22 ára þegar hún lést. Dauði hennar hafði mikil áhrif á fjölskyldu hennar og vini. Ásdís, systir Halldóru, verður viðmælandi í þættinum og hún segir mikilvægt að saga hennar sé sögð. Hún segir að þrátt fyrir að 37 ár séu síðan harmleikurinn átti sér stað eigi sagan vel við í dag því kúgun, ofríki og hótanir eigi að taka alvarlega.

## → Ástarsaga

Telja má mjög sennilegt að Megas hafi haft harmleikinn í Rauðhólum í huga þegar hann samdi lagið Ástarsögu sem var eitt laga plötunnar Loftmyndar sem kom út árið 1987:

*Við héldum af stað eftir Hringbraut það var hlýtt og glampanði sól og allir búnir sínu besta skarti í borginni sem mig ól liljuhvít var höndin hennar sem hélt ég svo þétt um og útúr borginni flýttum við för og framhjá Árbænum.*

*Rétt fyrir utan Reykjavík við Rauðhóla gerðum við töf og hún renndi þar sjónum sínum hún sá þar var nýtekin gröf hún flegði sér í fang mér ég fann hún skalf eins og strá ég óttast sagði hún: ástin mín ég óttast það sem ég sá.*

*Hún flegði sér felmtri slegin í fang mitt og sagði milt: ég hræðist svo að þú hafir í hyggju að gera mér illt þú átt kollgátuna kvað ég við nú er komin þín hinsta stund í gröfinni atarna sem gróf ég í nótt verður gott að fá sér blund*





# Forysta og stjórnun

## Nýtt meistaranám – MS/MLM

Í nýju meistaranámi við Háskólann á Bifröst sem kallast *Forysta og stjórnun* er markmiðið að undirbúa fólk fyrir forystustörf í atvinnulífi og samfélagi. Forysta er margþætt hugtak sem þarf að skoða út mörgum sjónarhornum. Fjölbreyttir áfangar eru í boði sem mynda fræðilegan og praktískan grunn og fjallað er um margar ólíkar kenningar innan leiðtoga- og stjórnunarfræða. Einnig er sérstök áhersla lögð á þjónandi forystu (e. Servant leadership), samskipti og samskiptahæfni. Þetta er fjölbreytt nám sem hjálpar þér að ná lengra.

**Velkomin í Háskólann á Bifröst**  
– hvar sem þú ert!

[www.nam.bifrost.is](http://www.nam.bifrost.is)



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**  
BIFRÖST UNIVERSITY



# ERU ÍSLENDINGAR HERÚLAR?

## FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** var spurður í Bónus um daginn, og síðan á Facebook, hvenær hann ætlaði að skrifa um Herúlakennninguna. Ekki seinna en núna!



**M**argir hafa komið að máli við mig ... reyndar ekki til að biðja mig að gerast oddviti Framsóknarflokksins í Reykjavík, enda færi það líklega aldrei vel, en svo ég segi nú alveg satt og rétt frá, þá eru það í rauninni aðeins tveir sem hafa komið að máli við mig, en tveir eru þó alltaf tveir, og þeir höfðu báðir hina sömu ósk fram að færa: „Er nú ekki kominn tími til að skrifa um Herúlakennninguna?“

Of jón, hér er þá kominn tími til að skrifa um Herúlakennninguna, enda er hún ein hin skemmtilegasta af alltof fáum „alternatíva“ kenninum um íslenska sögu. Slíkar kennningar ganga í berhög við viðtekna sögulega vitund og þekkingu, og eru oftast meir og minna úr lausu lofti gripnar, en geta þó – þegar best lætur – varpað nýju og frumlegu ljósi á það sem við teljum okkur vita um fortíðina. Norski landkönnuðurinn Thor Heyerdahl var sérfræðingur í slíkum „alternatíva“ söguskýringum um tengsl og uppruna þjóða í fornöld, og þótt kennningar Heyerdahls hafi flestallar (svo ég víti til) reynst fleipur eitt, þá voru þær skemmtilegar og hugkvæmar og sýndu hvernig hugsa mátti hlutina upp á nýtt.

Of Herúlakenningin er eða var slík „alternatíva“ söguskýring um uppruna Íslendinga. Því er sjálfsgagt að láta það eftir mönnum tveimur að fara hér fáeinum orðum um Herúlakennninguna, en að einhverju leyti hlýtt ég að styðjast við mjög stytta útgáfu af fyrri skrifum mínum

um efnið í Sögunni allri frá því fyrir sjö árum.

Það var Barði Guðmundsson, sagnfræðingur, þjóðskjalavörður og um tíma alþingismaður, sem setti fram Herúlakennninguna. Hann fjallaði um hana stuttlega í ýmsum skrifum sínum gegnum árin en síðan birtist hún í öllu sínu veldi í bókinni Uppruni Íslendinga sem kom út 1959, tveimur árum eftir andlát Barða. Kenningin átti að skýra það sem Barða fannst dularfullt við uppruna íslensku þjóðarinnar og átti sér einkum tvær meginrætur.

### Fluttu álfur á enda

Í fyrsta lagi varð ekki betur séð af rituðum heimildum um landnám Íslands en að landið hefði verið numið á ótrúlega skömmum tíma. Landnámsmenn frá Noregi komu hingað að (næstum) ónumdu landi um 870 og á sárafaum áratugum byggðist landið allt, samkvæmt skrifum Ara fróða og félagar hans. Sumum, og þar á meðal Barða, fannst hraðanum svipa meira til skipulagðra þjóðflutninga en hægfare landnáms búandkarla og víkingahöfðingja á eigin vegum. Og var ekki mögulegt að landnáminu hefði svipað til þjóðflutninga einfaldlega af því að um þjóðflutninga hafi verið að ræða?

Í sjálfu sér var ekkert því til fyrirstöðu. Alvanalegt var um það leyti sem miðaldir leystu fornöldina af hlómi að þjóðir og ættbálkar tækju sig upp með allt sitt hafur-task og flyttu sig jafnvel álfur á enda. Germanskir þjóðflokkar stunduðu þetta til dæmis mjög og nægir þá að minna á Vandala, sem þustu á tæpum þrjátíu árum í upphafi fimmtu aldar frá heimahögum sínum í Póllandi, sem nú heitir, og fóru um Frakkland og Spán áður en þeir enduðu í Túnis þar sem þeir gerðust kóngar í hinu forna rómverska skattlandi Afríku. Gat verið að í vesturfjörðum Noregs hefði á áttundu öld búið sérstakur ættbálkur eða þjóð, sem hefði tekið sig upp í heilu lagi og flust út í eyju þá sem Garðar Svavarsson og Hrafna-Flóki höfðu þá nýlega fundið í Atlantshafinu? En svo hafi snjóað fljótt yfir þá fortíð af einhverjum ástæðum svo Ari fróði og félagar hefðu ekkert um þá þjóð vitað, þegar þeir fóru að festa söguna á kálfskinn þremur öldum síðar, og raunveruleg ástæða landnámsins því gleymst.

### Herúlar hirðskáld Húna

Í öðru lagi fannst Barða og skoðana-bræðrum hans að sitthvað væri svo ólíkt með samfélagi landnámsmanna á Íslandi annars vegar og hins vegar samfélagi þeirra sem eftir urðu í Noregi að það



**SÝNIST YKKUR ÓDÓAKER LÍTA ÚT FYRIR AÐ VERA ÍSLENSKUR?** Ódóaker neyðir Rómarmeistarinn Rómúlus Ágústulus til að lúta sér. Hann setti Rómúlus þennan af sem keisara og gerðist sjálfur konungur yfir Ítalíu í staðinn. Sögu hins eiginlega Rómaveldis var lokið.

yrði varla skýrt nema þannig að um tvær aðskildar þjóðir væri að ræða. Hér nefndi Barði margt til sögu, en í stuttri blaðgrein má aðeins nefna sitthvað úr þeim lögum sem landnámsmenn á Íslandi settu sér, að staða kvenna hefði verið öll önnur en í Noregi, dálæti á svínunum hefði verið mikið á Íslandi en ekki í Noregi og birtist meðal annars í fjölda Saurbæja á Íslandi – og svo síðast en ekki síst að sagna- og kvæðahefð sú sem fljótlega reis hér á landi hefði ekki átt sér neina hliðstæðu í Noregi eftir að landnámsmenn hurfu á braut.

Þegar Barði fór að svipast um í forn-um heimildum eftir þjóð sem kynni að hafa búið í vesturfjörðum Noregs en svo stökkioð í heilu lagi burt þaðan og til Íslands, þá fann hann reyndar fljótlega eina þjóð sem honum fannst koma mjög sterklega til álita.

Það voru Herúlar. Heimildir um Herúla eru af skorum skammti en samkvæmt þeirri mynd sem menn þúsuldu saman á 19. og framan af 20. öld, þá átti saga þeirra að vera sú að þeir hafi búið sunnarlega á Norðurlöndum þar til á annarri öld eftir Krist en stór hluti þjóðarinnar hafi þá lagst í ferðalög og haldið suður fyrir Eystrasalt. Þar hafi Herúlar lent í slagtogi með mun fjölmennari germanskri þjóð, Gotum, sem einnig hafi komið frá Norðurlöndum, og saman hafi þjóðirnar herjað á lönd Rómverja á Balkanskaga með þrýðisárangri til að byrja með. Eftir að hafa tapað mikilli fólk-orrustu gegn Rómarmeistarum Kládis-usi II. árið 269 hörfuðu Gotar og Herúlar í norðvestur og bjuggu í um það bil öld í suðurhluta hinnar núverandi Úkraínu.

Þegar hinir herskáu Húnar komu svo æðandi austan að og lögðu undir sig þetta landsvæði, þá klofnadi þjóð Gota í tvennt, hluti þeirra lagði á flótta vestur á bóginn en aðrir urðu undirsátar og málaliðar Húna. Og sú varð líka raunin um Herúla, þeir fylgdu Húnum sem tryggir þjóðar í nokkra áratugi og verður ekki vart við

annað en þeir hafi verið hinir ánægðustu með sinn hlut. Í einni heimild segir að Herúlar hafi verið hirðskáld Húna og í því sambandi benda stuðningsmenn Herúlakennningar á að hin ævafornu Eddukvæði sem hvergi varðveittust nema á Íslandi beri Húnum reyndar alls ekki illa söguna, ólíkt flestum öðrum gömlum evrópskum heimildum. Það gæti þá bent til þess að Herúlar hafi flutt með sér sín fornu kvæði alla leið til Íslands.

### Örlög Herúlakennningarinnar ráðast

Svo mikið er víst að ekki bar á mótspyrnu Herúla við Húna, og þeir voru til dæmis í liði Húna í hinni frægu orrustu við Chalons í Frakklandi árið 451 þegar litlu munaði að Atli Húnakóngur næði undir sig miklum lendum í Vestur-Evrópu. Aðeins fáeinum árum seinna hrundi veldi Húna hins vegar snögglega við fráfall Atla og þá komu Herúlar sér upp svolitlu konungu-

ríki inni í miðri Evrópu, nokkurn veginn þar sem nú mætast Slóvakía og Ungverjaland. Ekki varð það stöndugt ríki og um 508 féll síðasti kóngur þess í orrustu við hina germönsku Langbarða.

En jafnframt var herúlska málaliða víða að finna í herflokkum á þessum róstusömu tímum og til dæmis er haft fyrir satt að hann hafi verið herúlskur í aðra ættina, germanski herforinginn Ódóaker, sá sem setti af síðasta keisarann í vesturhluta Rómaveldis árið 476 og batt þar með enda á samfellda sögu þess mikla heimsveldis.

En hvað gerðist svo? Hvernig gat Barða Guðmundssyni dottið í hug að þjóð, sem hvarf í raun úr evrópskum heimildum rétt um árið 500, og var þá stödd í miðri Evrópu, hefði svo birst tæpum þrjú hundruð árum seinna, komin á knörrum sínum austan um hlydýpis haf hingað í sælunnar reit?

Frá því vinnst ekki tími til að segja nú og aldrei þessu vant verður því framhald á greininni eftir viku þegar örlög Herúlakennningarinnar ráðast!



Reykjavíkurborg  
Menningar- og ferðamálasvið

## Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2014

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2014.

Verðlaun að upphæð **600 þúsund krónur** verða veitt fyrir eitt handrit.

Þriggja manna dómnefnd metur verkin; Davíð Stefánsson formaður og Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir tilnefnd af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Bjarni Bjarnason tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

Handrit berist í síðasta lagi **1. júní 2014**

Utanáskrift:  
Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar b.t.  
Signýjar Pálsdóttur, skrifstofustjóra menningarmála  
Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar,  
Vesturgötu 1, 2. hæð, 101 Reykjavík.

Bjarki Karlsson hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2012. Aðrir sem áttu handrit í keppinni eru beðnir að vitja þeirra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem fyrst eða fyrir 1. febrúar 2014. Einnig er unnt að fá handrit send í póstkröfu. Gefa þarf upp dulnefni. Aðeins var opnað umslag með nafni vinningshafa.

Sumum, og þar á meðal Barða, fannst hraðanum svipa meira til skipulagðra þjóðflutninga en hægfare landnáms búandkarla og víkingahöfðingja á eigin vegum.



# FERÐIR

LAUGARDAGUR 26. APRÍL 2014

Kynningarblað

Börn á ferðalagi

Primera Air flýgur vikulega til Billund  
Íslenskir straumar í New York



NORDICPHOTOS/GETTY

## Ísland geymir undur veraldar

**Ómar Ragnarsson**, fréttamaður og skemmtikraftur, ann íslenskri náttúru. Hann tók börn sín ung með í vinnuferðir um landið og er nú þakklátur fyrir að koma Láru dóttur sinni að gagni í Ferðastiklum. Ómar segir mikilvægt að kynna börnum land sitt og þjóð.

### Hvaða staði á Íslandi er nauðsynlegt að sýna börnum?

Helst þá staði sem gera landið hvað sérstakast. Þar ber hæst þá staðreynd að hinn eldvirki hluti Íslands er talinn vera eitt af 40 mestu náttúruundrum veraldar.

Samspil eldstöðva og jökla, elds og íss, á sér engan samjöfnuð á jörðinni né eins fjölbreytileg náttúrufyrirbæri sem hafa skapast vegna eldvirkni og þessa sam-

spils. Í stórra handbók um helstu undur veraldar stendur: „Ísland er einstætt meðal landa heims“ (e. „Iceland is a land like no other.“) Þess vegna er nauðsynlegt að sýna börnum fyrirbæri sem sanna þetta.

Lítið dæmi eru Hraunfossar í Borgarfirði en engir aðrir slíkir fossar finnast á jörðinni svo kunnugt sé. Fyrir austan Þingvelli eru móbergshryggir, Kálfstindar

og Tindaskagi, en það eru gígaráðir sem gaus úr undir jökli og er hvergi hægt að sjá nema á Íslandi. Skjaldbreiður er dyngja, og hvergi í heiminum er jafn margar dyngjur að sjá og á Íslandi. Brún Almannagjár er austurbrún meginlandsfleka Ameríku, en Þingvellir og Þingvallavatn eru sigdæld, sem varð til þegar þessi meginlandsfleki færðist til vesturs, en Evrópu-flekinn, sem byrjar raunar austur



Ómar Ragnarsson hefur ferðast víða og oft hafa börn og barnabörn komið með.

undir Heklu, er á austurleið. Í milli er svonefndur Hreppafleki sem er nokkurs konar „hlutlaust“ land. Dæmi um slíkt rek meginlanda og sköpun nýrra landa er hvergi að sjá á yfirborði jarðar nema á Íslandi.

### Hvað fá börn út úr því að upplifa áfangastaði úr kennslubókunum af eigin raun?

Það er misjafnt hvað börn fá út ▶

SKÝRT MERKI UM  
FAGMENNSKU

FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD



VAKINN er gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar. Skráðu fyrirtækið þitt á [www.vakinn.is](http://www.vakinn.is)





„Ísland er einstætt meðal landa heims. Þess vegna er nauðsynlegt að sýna börnum fyrirbæri sem sanna þetta,” segir Ómar.

MYND/VALLI

► úr ferðalögum. Sum eru áhugasöm en öðrum leiðist upptalning á örnefnum. Það er gefandi að búa til léttu spurningaleiki með smá verðlaunum, svo sem að setja börnum einföld verkefni við að finna út á korti heiti fyrirbæra í ferðinni. Síðan á auðvitað ekki að þegja yfir því hvað áningarstaðir heita. Dropinn holar steininn.

#### Hvers virði er fyrir börn að upplifa land sitt með fjölskyldu sinni?

Það er afar mikils virði og skapar fleiri og fjölbreyttari fleti á nauðsynlegum og gefandi samskiptum í fjölskyldunni.

Hafa ber í huga að ávöxtur af slíkri upplifun skilar sér oftast ekki til fulls fyrr en löngu síðar, þegar börnin eru uppkomin, sjálf orðin uppaldur og fara að huga meira en fyrr að uppruna sínum og umhverfi.

#### Styrkir það fjölskylduböndin? Eflir virðingu, vitund og tilfinningu fyrir umhverfi og mannlífi?

Já, og skilar sér í því að skapa grundvöll fyrir betra og farsælla þjóðlífi og betri meðferð á landinu, sem skilar okkur virðingu í augum umheimsins – viðskiptavild ef menn vilja endilega mæla gildið í peningum.

#### Varst þú duglegur að ferðast með þín börn á sínum tíma og sýna þeim helstu náttúruperlur?

Fjölskylda okkar var óvenju stór og verkefni mín sömuleiðis

óvenjulega fjölbreytt og tímafrek. Ég reyndi að taka þau með í sem flestar mínar ferðir þegar ég var að skemmta úti á landi og jafnvel í sumar af þeim fréttuferðum sem ég fór sem einyrki. Öll fengu þau að fljúga með mér og eftir að 21 barnabarn kom til sögunnar hafa þau öll, eldri en fjögurra ára, einhvern tíma flogið með mér; stundum fleiri saman en þó öll einu sinni ein með afa.

#### Hver er þinn uppáhalds fjölskylduferðastaður innanlands?

Þar getur verið atriði að á viðkomandi stað sé sléttur flötur fyrir leiki. Góð sundlaug skemmir ekki fyrir. Gullni hringurinn býður upp á margt slíkt, en nágrenni höfuðborgarsvæðisins er afar vanmetið svæði. Ég bendi á svæðið í kringum Kaldársel og Heiðmerkurhringinn sem ævintýraheim hrauna, hrauntraða, gjáa, hella og gróðurs í bland ásamt þægilegum fellum eða fjöllum til að ganga á. „Silfraði hringurinn“; Krýsuvík-Grindavík-Bláa lónið-Eldvörp-Reykjanes er vanmetin ferðamannaleið. Kverkfjöll, Vesturbýggð, Hornstrandir og Strandir, Gjástykki-Leirhnjúkur, Askja og Kverkfjöll eru á topp tíu listanum, en fyrir venjulegt ferðafólk er Landmannaleið um Dómdal mun aðgengilegri en margir halda og algert konfekt. Bendi á heimildarmynd sem ég hef gert undir heitinu „Akstur í óbyggðum“ sem sýnd verður 1. júní næstkomandi í Sjónvarpinu.

“Hafa ber í huga að ávöxtur af slíkri upplifun skilar sér oftast ekki til fulls fyrr en löngu síðar, þegar börnin eru uppkomin, sjálf orðin uppaldur.”

#### Hverjir eru þínir uppáhaldsstaðir á landinu?

„Ég á þrjá eftirlætiðstaði sem ég reyni að koma á eins oft og ég get á hverju sumri. Þetta eru Sauðárflugvöllur, stór viðurkenndur og skráður flugvöllur á Brúaröræfum, sem ég hef valtað og merkt og er umsjónarmaður fyrir, Uppsalar í Selárdal, sem ég ásamt fjórum vinum mínum hef tekið í fóstur, og svo Hvammur í Langadal þar sem ég var í sveit sem barn.“

#### Hvernig upplifun er að ferðast með einu barna sinna upp á nýtt, samanber Ferðastíklur ykkar Láru?

Ég er mjög ánægður með að ferðalög fyrir löngu með fjölskyldu minni eru að byrja að skila sér í gegnum ferðalög barna minna með fjölskyldum þeirra. Lára kallar ferðir sínar með sinni fjölskyldu „mömmuferðir“ og fékk þannig hugmynd að eigin þáttum, „Ferðastíklum“ þar sem afi gamli gæti kannski orðið að einhverju gagni. Það hefur glatt mig mikið og ég er þakklátur fyrir viðtökurnar.

# Allt til alls fyrir fjölskylduna

Mikið framboð afþreyingar og stuttar vegalengdir gera Billund í Danmörku að ákjósanlegum sumarleyfistað fyrir fjölskylduna. Margar fjölskyldur fara þangað ár eftir ár enda er staðurinn paradís fyrir börn. **Primera Air** flýgur þangað vikulega í sumar.

**B**illund í Danmörku er svo sannarlega draumaáfangastaður fjölskyldunnar. Allir þekkja skemmtigarðinn Legoland en beint á móti honum er annar skemmtigarður sem nefnist Lalandia. Við hlið hans er svo Legoland Holiday Village sem býður upp á fjölbreytta gistingu og í 25 mínútna akstursfjarlægð er Givskud Zoo. Það er því nóg af fjölbreyttri afþreyingu fyrir alla á litlu svæði auk þess sem margir golfvöllir eru á Jótlandi. Primera Air flýgur vikulega til Billund í sumar og fram í október. Verðið er frá 14.780 kr. með sköttum hvora leið. Innifalið í verðinu er 20 kg taska og engin bókunargjöld eða annar kostnaður bætist við.

Þórður Bjarnason hefur ferðast til Billund undanfarin þrjú ár með eiginkonu og tveimur ungum strákum og er stefnan jafnvel tekin þangað aftur í ár. Hann segir mikla pressu vera frá strákunum sínum enda upplifi þeir Billund sem algjöra paradís. „Við höfum ferðast víða með strákana okkar, til dæmis farið í Disneyland, en ekkert toppar Billund að okkar mati. Við röltum eða hjólum á milli staða og þar er mikið úrval afþreyingar fyrir börnin.“

#### Alvöruskemmtigarður

Margir Íslendingar þekkja Legoland en það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því að um er að ræða risastóran skemmtigarð. „Legoland er ekki bara lítill sæt kubbahús heldur alvöru skemmtigarður. Þar má finna rússbana, vatnsleikjagarð og margt fleira. Sérstök svæði

eru helguð ólíkum aldurshópum og foreldrar gæða sér á nesti og öðrum veigum í sólinni.“

Margir sem heimsækja Billund gista í Lalandia-garðinum. „Með gistingu fylgir frír aðgangur að allri afþreyingu á svæðinu. Þar má til dæmis finna lestar, dýr sem ganga frjáls um svæðið og úrval leiktækja. Lalandia er í raun risastórt svæði, á við 2-3 Egilshallir. Þar má einnig finna fjölda veitingastaða, matvöruverslun, tívolí, vetrarveröld, vatnsrennigarð og boðið er upp á fjölda námskeiða fyrir börn og unglina.“

#### Margt í boði

Í Givskud Zoo má sjá fjölda villtra dýra sem ganga um frjáls. „Þeir sem keyra þangað á bílaleigubíl geta keyrt beint inn í garðinn þar sem dýrin röltu frjáls um og jafnvel við hlið bílanna. Þar má sjá ljón, gíraffa, nashyrninga og mörg önnur dýr.“

Ef eldri unglingar eru með í för má líka heimsækja Djurs Sommerland-skemmtigarðinn sem er í 45 mínútna fjarlægð, auk þess sem margir Íslendingar heimsækja bæinn Vejle en þar má til dæmis finna stóra verslunarmiðstöð.

Flugvöllurinn við Billund er lítill og farþegar eru fljótir að komast á áfangastað. Flugíð þangað tekur einungis um tvær og hálf klukkustund og 30 mínútna akstur er til Lalandia.

Meðal annarra áfangastaða sem Primera Air býður upp á í sumar má nefna Alicante á Spáni.

Allar nánari upplýsingar má finna á [www.primeraair.com](http://www.primeraair.com)



Dýrin ganga frjáls um í Givskud Zoo.

MYND ÚR EINKASAFNI



Vatnsleikjagarðurinn í Lalandia er vinsæll. Legoland er risastór skemmtigarður sem býður upp á fjölbreytta afþreyingu.



MYND/AFP



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BUBBI Í TRYGGVASKÁLA

Bubbi Morthens verður með tónleika í Tryggvaskála á Selfossi í kvöld kl. 20.30. Bubbi mætir með hljómsveit með sér en hann hefur ekki áður leikið í Tryggvaskála. Búast má við góðu kvöldi þar sem Bubbi mun fara á kostum.

## NÁMSAÐSTOÐ

á lokasprettinum fyrir vorprófin

íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur  
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl  
Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

# KREM TIL AÐ MÝKJA FÆTURNA

**HALLDÓR JÓNSSON EHF. KYNNIR** Álag á fætuna getur haft í för með sér harða húð og þurra og sprungna hæla. Scholl-fótakremin geta lagað ýmiss konar húðvandamál. Þau mýkja húðina og gefa henni raka ásamt því að fjarlægja harða húð sem getur valdið óþægindum.

**D**aglegt álag á fætuna, svo sem það að ganga á háhæluðum skóm og ganga mikið, getur haft í för með sér sprungna á hælum, harða húð eða þurra fætur.

„Þurr eða hrjúf húð myndast vegna skorts á raka í eista lagi yfirhúðarinnar. Því er mikilvægt fyrir húðina að fá raka til að viðhalda mýkt sinni og teygjanleika,“

segir Magðalena S. Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Halldóri Jónssyni, sem flytur inn Scholl-fótavörurnar. „Þegar eitthvað í umhverfi okkar truflar það að húðin fái nægan raka getur það valdið því að hún þornar. Þykk og hörð húð myndast við stöðugt álag, svo sem nudd eða núning, sem húðin verður fyrir í langan tíma. Sprungur

á hælum myndast þegar þurr og hörð húð verður fyrir álagi því hún er ekki eins teygjanleg og mjúk og venjuleg húð.“

Scholl býður upp á ýmis fótakrem við þessum vandamálum. „Kremin eru ýmist til að mýkja húðina og gefa henni raka eða fjarlægja harða húð sem getur valdið sársauka og óþægindum.“

## SUMARYFIRHAFNIR Í ÚRVALI



Skoðið laxdal.is/ Yfirhafnir

BERNHARD LAXDAL

Vertu vinur á Facebook

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFT



**STIFTI Á SPRUNGNA HÆLA** Stifti fyrir sprungna hæla er einföld og áhrifarík lausn gegn sprungnum hælum. Mýkir og endurheimtir mjúka og slétta hæla frá fyrsta degi. Auðvelt er að bera á hælinn án þess að klístrast. Sýnilegur árangur á aðeins viku. Hægt að nota stiftið til að fyrirbyggja myndun á sprungnum hælum og til að viðhalda þeim mjúkum og sléttum.

**SCHOLL RAKAGEFANDI KREM SEM VIÐHELDUR MÝKT OG RAKA Í HÚÐINNI** Rakagefandi krem sem smýgur djúpt inn í húðina svo að fætunir verða mjúkir og vel nærðir. Rakastig fótanna hækkar um áttatíu prósent og helst þannig í sólarhring.

**SCHOLL-KREM SEM MÝKIR HART SKINN** Mýkjandi krem fyrir hart skinn, tilvalið til að fjarlægja stór svæði af þykkri harðri húð. Kremið inniheldur salísýlsýru sem brýtur niður og fjarlægir dauðar húðfrumur og mjólkursýru sem gefur húðinni raka og mýkir hana.

**SCHOLL-KORNAKREM SEM FJARLÆGIR HRJÚFA HÚÐ** Kornakrem fjarlægir þurra og dauða húð og gefur húðinni raka. Kremið inniheldur náttúruleg vikurkorn og ávaxtasýrur sem fjarlægja hrjúfa og harða húð fljótt og vel. Kremið gerir fætuna mjúka og slétta og hjálpar til við endurnýjun húðarinnar.

**HÆLAKREM Á SPRUNGNA HÆLA** Hælakremið lagar og bætir hrjúfa og sprungna hæla þannig að munur er sjáanlegur á aðeins þremur dögum. Húðin á hælunum verður slétt og sveigjanleg á aðeins einni viku. Kremið inniheldur karbamið sem hjálpar húðinni að endurnýja sig og hindrar myndun nýrra sprunginna hæla á sem náttúrulegastan hátt.



## BREYTT ÚTLIT Á A+ VÖRUNUM

HÁGÆÐA HÚÐVÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA Á FRÁBÆRU VERÐI. ENGIN ILM- Eða LITAREFNI. **FÁST NÚ Í APÓTEKUM**





## SÓFAR Í ÖLLUM STÆRÐUM



**Íslenskir sófar**  
Fyrir íslensk heimili

**Pú velur**

- Gerð (fleiri en 900 mismunandi útfærslur)
- Stærð (engin takmörk)
- Áklæði (yfir 3000 tegundir)

og draumasófinn þinn er klár

## LAGERHREINSUN

Við ætlum að rýma fyrir nýjum vörum og bjóðum allt að **50% afslátt**

<p>Verð nú kr. <b>149.000</b> Fullt verð 284.900</p> <p>Speglar frá 5.000 Skrifstofuhillur frá 9.900 Rúm 153-193cm frá 69.000 Borðstofuborð frá 47.500 Sófaborð frá 7.500</p>	<p>Verð nú kr. <b>19.000</b> Fullt verð 47.900</p> <p>Púðar frá 2.900 Stólar frá 2.000 Borðstofuskenkar frá 77.000 Bar skápar frá 89.000 Púðaver frá 1.000</p>
---	--

Opið virka daga kl. 10-18  
laugard. 11-16



Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is



**ALÞINGIS-MAÐURINN**  
Þingmaðurinn Willum segir lífið hafa gjörbreytt á jákvæðan hátt við að taka sæti á Alþingi. Hann fórnaði þó fót-boltanum fyrir þingið en ætlar að snúa aftur á völlinn í sumar.  
MYND/DANIEL

# ÞINGMAÐURINN Í BOLTANUM

**FJÖLSKYLDUMAÐUR** Alþingismaðurinn og nýráðinn aðstoðarþjálfari Breiðabliks, Willum Þór Þórsson, saknaði fótoltans þegar hann fórnaði honum fyrir þingstarfið. Það er heilög regla hjá honum að eyða helgum með fjölskyldunni.

Helgarnar eru fjölskyldutími hjá þingmanninum Willum Þór Þórssyni. „Það er heilög regla að eyða helgunum með fjölskyldunni. Síðan ég settist á þing hafa samvistirnar með henni minnkað, þingfundir standa oft langt fram á kvöld þannig að ég sé minna af börnunum mínum,“ segir Willum. Hann á fimm börn á aldrinum fimm til fimmtán ára þannig að oftast er mikið fjör á bænum. „Það skiptir mestu máli að vera bara saman. Krakkarnir eru öll í íþróttum, bæði fimleikum og fótbolta, þannig að helgarnar fara að miklu leyti í að fylgja þeim í þær sem er mjög skemmtilegt. Við reynum líka að fara stundum í Bláfjöll og erum dugleg að fara í Bláa lónið, enda er konan að vinna þar og krakkarnir hafa gaman af því.“

**SPENNUFALL OG SUMARFRÍ**  
Willum hefur verið viðloðandi fótboltaheiminn síðan hann var fimm ára. Hann var þekktur leikmaður og ekki síður þjálfari enda hefur hann gert bæði Val og KR að Íslandsmeisturum. Þegar hann var kjörinn á þing seinasta vor fórnaði hann hins vegar bæði boltanum og starfi sínu sem kennari. „Sumarið í fyrra var fyrsta sumarið síðan 1980 sem ég tek ekki þátt í Íslandsmóti í meistaraflokki. Það var mjög skrítn tilfinning að vera ekki með og hálfgerst spennufall. Ég vissi varla hvað ég átti að gera við mig en við fjölskyldan fórum í langþráð sumarfrí til Spánar og náðum þar góðri slökun saman.“

**SAKNAÐI FÓTBOLTANS OG SNERI AFTUR**  
Fótboltinn á sterk ítök í Willum þannig að þegar Breiðablik leitaði til hans á dögnum og það hann að verða aðstoðarmaður Guðmundar Benediktssonar við þjálfun meistaraflokks karla svaraði hann kallinu. „Mér þótti vænt um að



**KNATT-SPYRNU-ÞJÁLFAFARINN**  
Þjálfarinn Willum leiddi sína menn í Val til sigurs í Íslandsmótinu árið 2007. Þar föggnuðu þeir Guðmundur Benediktsson saman en þeir eru nú sameinaðir á ný í Breiðabliki.  
MYND/VILHELM

Gummi og félagið leituðu til mín. Þetta er kjörið tækifæri til að halda tengslum við boltann en ég fann að ég saknaði hans. Ég á sterkar rætur í Breiðabliki enda spilaði ég þar sjálfur og svo eru öll börnin mín þar. Hins vegar slær hjartað alltaf með KR þar sem ég er alinn upp,“ segir Willum og brosir.

Aðspurður hvort það eigi ekki eftir að verða erfitt fyrir gamla þjálfarann að vera kominn í farþegasætið sem aðstoðarþjálfari segist hann ekki telja það. „Ég hef svo mikla trú á Gumma sem þjálfara að ég hef engar áhyggjur af því. Ég hef líka lært ákveðið umbyrðarlyndi fyrir ólíkum skoðunum sem þingmaður og það á eftir að hjálpa mér á þessum vettvangi.“

**PUÐAÐ Á ÞINGI**  
Willum segir það hafa gjörbylt lífinu að fara á þing en það hafi verið jákvæð breyting. „Ég gæti bæði svarað því játandi og neitandi hvort starfið sé eins og ég bjóst við fyrir fram. Þetta er eins og með allt annað, mikil vinna ef vel á að vera. Mér fannst til dæmis magnað að upplifa það að þegar þingfundir lýkur klukkan tvö að nóttu áttu samt að vera mættur lesinn á nefndarfund klukkan níu morguninn eftir. Þegar ég stóð sjálfur fyrir utan var viðhorfið til Alþingis ef til

vill ekki alltaf jákvætt en hér er fólk bara að puða og vinna og það er ánægjulegt að sjá það.“

Hann segir vinnustaðinn skemmtilegan, samstarfsfólkið litríkt og með mismunandi skapgerð. „Alþingismennska er ekki kennd í háskóla, það er víst. Þar þarf að bregðast hratt við og vera hörkuduglegur. Það er hollt fyrir Alþingi að það endurspegli þjóðfélagið á breiðan hátt og mikilvægt að þar sé fólk sem kemur alls staðar að bæði hvað varðar menntun og starfsreynslu.“

Í þingmennskunni hef ég þurft að stíga út úr því þægindaumhverfi sem ég var búinn að koma mér upp í kennslunni og íþróttunum og það hefur verið mjög þroskandi.“

**ÓTRYGG FRAMTÍÐ**  
Bæði þingmanns- og þjálfarastarfið eru nokkuð ótrygg til lengri tíma litið og segist Willum ætla að skoða stöðuna þegar þar að kemur. „Mér fannst ég eiga erindi í Framsóknarflokkinn og fór í þingmannsstarfið af fullum krafti. Hér ætla ég svo að vinna vel í fjögur ár og skoða stöðuna að þeim tíma liðnum. Þjálfarastarfið bar brátt að og ég verð í því út september og sé svo til. Mér finnst gott að hafa nóg að gera og finnst það forrétindi að hafa úr tækifærum að velja.“

■ liljabjork@365.is

**IDA**

**Helgartilboð**  
kaffidrykkur og ástarpungur  
500kr.

IDA-bókakaffi Vesturgata 2a 101-Rvk.  
opið til 22 alla daga.



# LÆKKAÐU KÓLESTERÓL Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

**ICECARE KYNNIR** Ateronon-fæðubótarefni markar tímamót þegar kemur að því að viðhalda góðri heilsu hjarta og æðakerfisins.

**A**teronon er fyrsta og eina fæðubótarefnið sem inniheldur lífræðilega virkt lýkópen. Eitt hylki af Ateronon á dag getur hamlað oxun LDL-kólesteróls í blóði, um allt að 90% á átta vikum. Virka efnið í Ateronon er lýkópen, öflugt andoxunarefni sem Miðjarðarhafsmataræði er ríkt af og hefur löngum verið tengt við gott ástand æðakerfis hjartans. Lýkópen er náttúrulegt andoxunarefni sem finnst í tómötum og öðrum rauðum ávöxtum. Ateronon var þróað með það að markmiði að gera náttúrulega vöru sem hefur skýran, vísindalegan ávinning og jákvæð langtímaáhrif á líf fólks.

Vísindamenn í Cambridge hafa í samstarfi við matvælafyrirtækið Nestlé uppgötvað nýja leið til að gera lýkópen lífræðilega virkt svo líkaminn geti nýtt það betur en áður hefur þekkt. Ateronon er einstakt efni og er einkaleyfisráð uppgötvun á náttúrulegu efni.

Hömlun oxunar LDL-kólesteróls er lykillinn að því að hindra að fyrirstaða myndist í slagæðum. Ateronon bætir að auki blóðflæði um allan líkamann. Fyrirstaða í æðum gerir það að verkum að blóð hefur ekki eins greiða leið út í líkamann og getur valdið heilsutjóni. Ateronon er auk þess eina fæðubótarefnið sem með góðum árangri hamlar oxun LDL-kólesteróls og er staðfest með rannsóknum. Ateronon má taka með lyfseðilsskyldum lyfjum. Það er unnið

á náttúrulegan hátt og hefur engar þekktar aukaverkanir.

Fólk sem þolir ekki soja, tómata eða mysuprótein getur ekki notað vöruna. Hylkin innihalda ekki erfðabreytt efni (GMO free).



**UMSAGNIR SÉRFRÆÐINGA:**

„Algjörlega ný leið í meðferð við háu kólesteróli í blóði.“

**Anthony Leeds prófessor, stjórnarmaður í HEART UK**

„Ateronon virðist hafa áhrif á efnaskipti og LDL-kólesteról á allt annan hátt en hefðbundin andoxunarefni. Það er vegna þessarar virkni sem Ateronon lofar góðu í baráttunni við að minnka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum til langs tíma.“

**Dr. Howard Sesso, aðstoðarprófessor í læknisfræði við Harvard-háskóla í Boston**

„Æðakölkun, þrengingur af völdum kólesteróls í slagæðum, er stór áhættuþáttur þegar til heilablóðfalls kemur. Við vitum að andoxunarefnaríkt mataræði er ákjósanlegt til að minnka þrengingarnar og við fögnum niðurstöðum þessara rannsókna.“

**Dr. Peter Coleman, rannsóknarforstjóri samtaka um heilablóðfall á Bretlandi**



**GÓÐ LAUSN** Birna Gísladóttir, sölustjóri hjá Icecare, segir að Ateronon hafi vakið mikla athygli lækna.

## PANA LÍFRÆNT HRÁSÚKKULAÐI

**P**ana-hrásúkkulaðið hentar vel fyrir þá sem vilja sleppa sætindum og dekra við sig.

Vísindalega hefur verið sannað að hreint súkkulaði er ofurfæð. Pana-hrásúkkulaðið er handgert frá Ástralíu og framleitt af mikilli alúð. Það inniheldur mikið magn andoxunarefna og vítamína. Súkkulaði er venjulega unnið í háum hita en við það tapar það miklum gæðum. Pana-hrásúkkulaðið er hins vegar búið til við lágan hita og heldur því öllum næringarefnum sínum. Súkkulaðið bragðast einstaklega vel og er til í nokkrum bragðtegundum.

Enginn viðbættur sykur er í Pana-súkkulaðinu, það inniheldur aðeins kókosolíu, kakó og agave-síróp. Öll innihaldsefni eru lífræn, hrein hollusta. Súkkulaðið er handgert og hentar fyrir allan aldur. Frábært með kaffi, og

súkkulaðiþörfinni er fullnægt á gæðastundum.

**Pana súkkulaði er:**

- Hráfæði
- Lífrænt
- Handgert
- Vegan
- Með lágum sykurstuðli
- Án allra mjólkurvara
- Án soja
- Án glútens
- Án aukaefta
- Án rotvarnarefna



Pana-súkkulaði fæst aðeins í Hagkaupi, Lifandi markaði og Heilsuhúsinu.

**HRÁ-SÚKKULAÐI** Einstaklega hollt og gott.

## LOSNAÐI VIÐ RISTILKRAMPA

Bio-Kult Candéa virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Bæði börn og fullorðnir finna mun á sér.

**H**eiðrún Guðmundsdóttir er ánægð með Bio-Kult Candéa og ákvað að deila reynslu sinni með lesendum.

„Dóttir mín er aðeins átta ára en hún var stöðugt að kvarta um maga- og höfuðverk síðastliðinn vetur, bæði heima og í skólanum. Hún hefur haft mikla sykurþörf og sífellt að næla sér í einhver sætindi. Þá fór að bera á ristilkrampa sem gekk mjög nærri henni. Það ágerðist með vorinu og fyrripart sumars. Hún var farin að fá ristilkrampa um hverja helgi og kvaldist mikið vegna þeirra. Þar sem ég átti við þennan hvímeiða kvilla að stríða sem barn skildi ég líðan hennar og um hvað málið snerist. Þegar ég leitaði eftir upplýsingum á netinu rakst ég á upplýsingar um Bio-Kult Candéa gegn sveppasýkingu sem einnig væri hjálplegt við ristilvandamálum.“

**BREYTT LIÐAN**

„Þegar ég skoðaði upplýsingar nánar sá ég að dóttir mín hafði flest einkenni sveppasýkingar í meltingarvegi. Síðasta sumar fór ég að gefa henni tvö hylki af Bio-Kult Candéa á dag. Mjög fljótt urðum við varar við breytingu, hún hætti að kvarta undan magaverkjunum, regla komst á meltinguna og ristilkramparnir hættu. Í dag tekur hún samviskusamlega eitt hylki eftir kvöldmat og nú sjö mánuðum síðar hefur ristilkrampinn ekki látið á sér kræla. Sykurþörfin er mun minni og höfuðverkurinn heyrir nánast sögunni til. Þar með höfum við slegið tvær flugur í einu höggi. Svo má ekki gleyma því að ég tek líka Bio-Kult Candéa. Ég vil þó fyrst og fremst nota tækifærið og þakka fyrir þessa dásemdavöru sem hefur gjörbreytt lífi dóttur minnar.“

**ÖFLUG VÖRN**

Innihald hylkjanna er öflug blanda af vinveittum



Heiðrún Guðmundsdóttir segir að dóttir hennar hafi fengið bata af ristilkrampa eftir að hún byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa.

gerlum ásamt hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni (e. grape seed extract). Fjöldi góðra gerla er í hverju hylki, styrkur gerla er einn milljarður og eru sjö mismunandi gerlastrengir í Bio-Kult Candéa. Sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti, svo sem munnangri, fæðuþoli, pírangi, skapsveiflum, þreytu, brjóstsviða, verki í liðum, mígreni og húðvandamálum.

Öflug vörn gegn sveppasýkingum á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Bio-Kult Candéa er örugg vara, framleidd af viðurkenndum framleiðanda á Bretlandi. Bio-Kult Candéa hentar fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn.





# 70%

íbúa höfuðborgar-  
svæðisins á aldrinum  
25–54 ára lesa Frétta-  
blaðið á degi hverjum.\*

Það eru nokkurn veginn þeir sömu og koma  
til með að horfa á Eurovision á RÚV í vor.

\* Skv. fjölmiðlakönnun Capacent Gallup, júl–sept 2013.



Allt sem þú þarft ...



SKÍÐAFJÖLSKYLDA Hjónin Bjarni Einarsson og Sesselja Guðmundsdóttir ásamt tveimur barnabörnum sínum á Akureyri.

MYND/AUDUNN

## SKÍÐIN ERU LÍFIÐ

**ÚTIVERA** Bjarni Einarsson hefur mætt á alla Andrésar andarleikana utan þá fyrstu. Leikunum líkur í dag og Bjarni er auðvitað mættur til Akureyrar.

Andrésar andarleikarnar voru settir á miðvikudaginn á Akureyri og lýkur í dag, laugardag. Um 750 keppendur á aldrinum 6-15 ára taka þátt en leikarnir voru fyrst haldnir árið 1976. Meðal fjölmargra gesta á leikunum þetta árið er hinn 82 ára gamli Bjarni Einarsson en þetta eru 36. leikarnir sem hann sækir. Bjarni missti af fyrstu Andrésar andarleikunum og eitt árið féllu þeir niður vegna snjóleysis.

Bjarni segir margt hafa breyst á þessum tæplega 40 árum sem hann hefur sótt leikana. „Raunar hefur nánast allt breyst á þessum tíma. Skíðabúnaðurinn er allt annar í dag, framkvæmd móta og tímataka á þeim með allt öðrum hætti og svo mætti lengi telja. Gleði og ánægja þátttakenda er þó alltaf sú sama.“ Bjarni og eiginkona hans, Sesselja Jóna Guðmundsdóttir, eiga níu barnabörn og hafa þau öll stundað skíðaíþróttina ásamt börnum þeirra hjóna. „Það er alltaf jafn gaman að koma á Andrésar andarleikana ár eftir ár og fylgjast með börnunum. Öll barnabörnin okkar hafa komist á verðlaunapall á leikunum og í ár keppir eitt þeirra sem er mjög sterkur skíðamaður. Hér áður fyrr gat stundum verið erfitt að fylgja þeim öllum eftir enda kepptu þau í ólíkum aldurshópum en við hjónin reynum okkar besta.“

Sjálfur byrjaði Bjarni að skíða árið 1946 og hefur því stundað íþróttina í



tæp 70 ár. „Þetta er búinn að vera langur tími en ég sé ekki eftir honum. Ég og félagar mínir í Ármanni byggðum til dæmis skála í Bláfjöllum sem við nefndum Himnaríki. Þessi tími hefur verið mikið ævintýri.“

Hjónin mættu til Akureyrar á þriðjudaginn og dvelja þar allan tímann á meðan leikarnir standa yfir. „Krakkarnir kepptu á fimmtudag, föstudag og svo í dag. Leikarnir snúast þó ekki bara um keppni, til dæmis eru haldnar kvöldvökur og verðlaun eru veitt eftir hvern keppnisdag. Það er frábær stemning í bænum þessa daga.“

**GLEÐI Í BREKKUNNI**  
Um 750 keppendur taka þátt í ár.  
MYND/PEDRÓMYNDIR

## EINFALDAR BLÁBERJAMÚFFUR

Ef gesti ber að garði um helgina er ágætt að eiga bláberjamúffur til að bjóða upp á. Kökurnar er mjög einfalt að gera og þær geymast ágætlega. Hins vegar eru þær auðvitað bestar glænýjar. Hægt er að nota fryst eða ný bláber.

TÓLF KÖKUR  
75 g smjör  
1 dl mjólk  
2 egg  
1½ l strásykur  
2½ dl hveiti  
1½ tsk. lyftiduft  
100 g möndlu-  
massi  
¾ tsk. kardi-  
mommudropar  
1½ dl bláber, fersk  
eða frosin

verður létt og ljós. Þá er hveiti og lyftidufti bætt í og loks smjör- og mjólkurböndunni ásamt kardi-mommudropum. Rífið möndlumassann niður með rifjárnri og blandið saman við bláberin. Hrærið síðan út í deigið með sleif. Setjið deigið í tólf múffuform og bakið við 200°C í 15 mínútur. Fallegt er að strá flórsykri yfir kökurnar en það er ekki nauðsynlegt.



NÝBAKAÐAR Múffur eru sérlega góðar með kaffinu, einkum nýbakaðar.



# GARÐURINN

LAUGARDAGUR 26. APRÍL 2014

**Kynningarblað** Garðtækni hannar garða, skógar á Íslandi og sögulegir garðstólar.



Sigurður J. Leifsson í fallegum garði fjölskyldunnar í efri byggðum Kópavogs. Gufubaðið er til vinstri og sturtan á öspinni í baksýn.

MYNDIR/DANIEL

## Léttruglaður garðeigandi

Í efri byggðum Kópavogs hefur fjölskylda Sigurðar J. Leifssonar komið sér vel fyrir og útbúið glæsilegan garð. Þar má finna heitan pott, gufubað, sturtu og mongólskt tjald. Fjölskyldan eyðir löngum stundum í garðinum allt árið með vinum og vandamönnum.

**G**arðurinn er stór hluti af lífi fjölskyldu Sigurðar J. Leifssonar. Fjölskyldan er búsett í efri byggðum Kópavogs í nágrenni Elliðavatns, á mörkum byggðar og sveitar í friðsælu og fallegu úthverfi. Garðurinn er 1.600 fermetrar að stærð og inniheldur meðal annars niðurgrafinn heitan pott, gufubað og sturtu sem er föst við fallega ösp. Auk þess er þar að finna mongólskt tjald sem Sigurður hlaut að gjöf eftir að tókum lauk á stórmynd Bens Stiller, The Secret Life of Walter Mitty, sem var tekin upp að hluta hérlendis síðasta sumar.

„Við eyðum miklum tíma í garðinum allt árið. Yfir veturinn eru potturinn og gufubaðið mikið notuð. Þegar sumarið kemur dveljum við síðan löngum stundum þar enda mikið skjól hér. Þegar sólin skín er algjör paradís að vera hérna. Við höfum passað okkur að skipuleggja garðinn sjálfan ekki of mikið. Hann er því hæfilega villtur og passar vel inn í umhverfið hér.“

Heiti potturinn er grafinn niður í jörðina sem er ekki algengt hér á landi að sögn Sigurðar. „Einnig höfum við gufubað í garðinum sem er vel falið á milli trjána. Þetta er sannkallað háklassagufubað þótt íburðurinn sé ekki mikill. Við notum það sérstak-



Gufubaðið er falið á milli trjána og laust við íburð.

lega yfir veturinn og það er virkilega ljúft að dvelja þar á köldum vetrarkvöldum.“

Mongólska tjaldið er í garðinum allt árið en mest notað yfir sumarið. „Við notum tjaldið undir matarboð en ég er búinn að smíða stóran pall undir það. Það hefur svo

sannarlega slegið í gegn hjá fjölskyldu og vinum og ófá matarboðin eru haldin þar yfir sumartímann.“

Tíu til tólf manns komast fyrir í heita pottinum en samt sem áður ætlar Sigurður að stækka við sig. „Maður er auðvitað léttrugl-



Búið er festa sturtu við fallega ösp í garðinum.

aður. Við ætlum að setja niður nýjan pott strax og veðrið skánar og þá komast fleiri fyrir. Það gefur bara fleirum kost á því að liggja í kvöldkyrrðinni og skoða stjörnurnar og norðurljósín. Frísið í hestunum í næsta húsi gerir aðstæður síðan enn náttúrulegri.“





Kristján segir hægt að venja og móta ólíklegustu plöntur ef kunnáttan er fyrir hendi. Plantan lengst til vinstri er himalajaeinir, skriðplanta sem Kristján vandi á mörgum árum svo að hún vex upprétt.



Mispill sem Kristján ræktaði og klippti í hátt og mjótt hekk. Með réttri tækni við klippingu verður það afar þétt og laufmikið og veitir mikið skjól.



Fá og falleg tré eru grundvallarregla í garðyrkju segir Kristján.

# Fá tré en falleg

**Garðtækni** tekur að sér alhliða hönnun garða. Kristján Vídalín Jónsson skrudgarðyrkjumeistari segir möguleikana nánast óþrjótandi þegar kemur að mótun runna og trjáa í gördum ef kunnáttan er fyrir hendi.

Við bjóðum heildarhönnun á gördum, hellulagnir, vegg-hleðslur, arinhleðslur og pallasmíði, auk runna- og trjáklippinga,“ segir Kristján Vídalín Jónsson skrudgarðyrkjumeistari. Hann rekur fyrirtækið Garðtækni, ásamt Sævari Vídalín húsasmíðameistara.

Kristján segir fagkunnáttu þurfa að koma til þegar móta á runna og tré svo vel sé og að möguleikarnir séu nánast óþrjótandi.

„Fólk er oft með góðan efnivið í garðinum en kann ekki að fara með hann. Við lesum í garðinn með viðskiptavininum og útlustum eiginleikana sem hver planta hefur upp á að bjóða. Það er hægt að gera ótrúlegustu hluti úr nánast hverju sem er,“ segir Kristján og nefnir dæmi:

„Yllir er plássfrek planta sem yfirleitt verður til ama. Við höfum getað klippt hana í einstofna tré svo fólk þekkir hana ekki fyrir sömu plöntu. Eins höfum við náð að venja himalajaeini, sem er skriðplanta, á að vaxa upprétt. Það má temja og venja plöntur eftir kúnstarinnar reglum með kunnáttu og réttri tækni en það getur tekið mörg ár. Á nokkrum árum náðum við einnig að móta hátt og mjótt hekk úr mispli. Hekkið er 30 sentimetrar á breidd neðst og yfir 2 metrar á hæð en með réttri aðferð verður mispillinn þéttur og laufmikill og veitir mikið skjól.“

Meðal verka Garðtækni er útiarinn sem Kristján segir ekki eiga sér sinn líka á Íslandi.

„Þetta er fyrir þá sem vilja sitja við eldinn úti á síðkvöldum og njóta



Kristján Vídalín skrudgarðyrkjumaður og Sævar Vídalín húsasmíðameistari við útiarinn sem þeir hlóðu. Bæði er hægt að sitja við eldinn og njóta ylsins og grilla mat í arninum. „Svona arinn hefur ekki verið gerður áður í íslenskum garði,“ segir Kristján.

hitans. Það er tiltölulega einfalt að setja upp slíkan arin óháð stærð garðsins en þessi er stór og staðsettur þannig að hægt er að horfa í eldinn innan frá íbúðarhúsinu sjálfu,“ útskýrir Kristján.

„Önnur nýjung sem ekki hefur verið útfærð áður í íslenskum garði er lýsing í glervegg kringum pall. Lýsingin skilar sér skemmtilega niður í gegnum glerið þegar skyggja fer og við smíði pallsins notuðum

við einnig óhefðbundnar aðferðir en pallurinn er festur niður með spennum svo engar skrúfur sjást.“

„Til að fá enn frekari karakter í garðinn völdum við hvítan hleðslu-stein undir glervegginn og sérgerðar terrosol-hellur í kring. Þá höfðum við engin horn rétt þar sem garðurinn er lítill og þannig nýttist rýmið best.“ Hafa má beint samband í síma 896 6655. Garðtækni er einnig á Facebook.



Pallurinn er girtur af með glervegg með lýsingu í handriðinu. Hleðslusteinninn og hellurnar voru sérvaldar til að spila með glerveggnum. Pallurinn er smíðaður þannig að engar skrúfur eða naglar sjást.



Lýsingin skilar sér fallega niður eftir glerinu þegar skyggja fer. Slík lýsing hefur ekki áður verið útfærð í íslenskum garði að sögn Kristjáns.



Garðtækni  
S. 896 6655

- Garðmeistari fyrir þig -

limtrevirnet.is



## Bjóðum vætuna velkomna

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar traustu og fallegu Lindab þakrennur.

 **Límtré Vírnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes  
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur  
Netfang - sala@limtrevirnet.is

### VÍNGERÐ ÚR RABARBARA OG BERJUM

**Veigar garðsins** er yfirskrift námskeiðs sem Garðyrkjufélag Íslands stendur fyrir á mánudaginn. Fjallað verður um sögu, ræktun og nýtingu rabarbara og víngerð úr rabarbara héraðs frá lokum 19. aldar og til dagsins í dag. Einnig er kennd víngerð úr berjum sem vaxa héraðs, svo sem rífs- og sólberjum og krækiberjum, að ógleymdu fíflavíni. Þá verður fjallað um heimagerða snafsa og líkjöra, sem auðvelt er að útbúa. Lífraent eða vistvænt ræktað og heimagerð úr garðinum er og var hluti af sjálfbærni í íslensku samfélagi.

**Skráning á** gardurinn@gardurinn.is en námskeiðið hefst klukkan 18, mánudaginn 28. apríl. Nánar á [www.gardurinn.is](http://www.gardurinn.is)

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

**Umsjónarmaður auglýsinga:** Bryndís Hauskóttir, [bryndis@365.is](mailto:bryndis@365.is), s. 512 5434  
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.







## Aðalfundur Farfugla

Aðalfundur Bandalags íslenskra Farfugla  
verður haldinn þriðjudaginn  
29. apríl n.k. kl. 20.00 í  
Farfuglaheimilinu í Laugardal,  
Sundlaugavegi 34.  
Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin.



## AÐALFUNDUR

